

Heliumblöðrur
i úrvali á
Sjómannaðaginn



HAFNARSTRÆTI 7
 SÍMI 456 3166


 = 

VEG-gisting
 Adalgata 14 - 430 Suðureyri
 Þjónustusími
 456-6666

 **Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**
BÆJARINS BESTA
 Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Fimmtudagur 3. júní 2004 · 22. tbl. · 21. árg.


 Afgreiðsla
 Landsbankans
 í Neista er opin
 fimmtudaga og
 föstudaga
 frá kl. 16-19
 Landsbankinn
 Sími 410 8119

 **Fer aldrei í nýja skó á mánudögum**
 – sjá viðtal við Halldór Hermannsson skipstjóra um þær hliðar sjómennskunnar sem sjaldan eru ræddar

Fjölmennasti útskriftarhópur MÍ

Menntaskólanum á Ísafirði var slitið í þéttsetinni Ísafjarðarkirkju á laugardag. Fimmtíu nemendur settu upp húfur af ýmsu tagi eins og venja er orðið, þar af 33 stúdentar, sjö sjúkraliðar, fimm vélstjórar, þrír nemendur af starfsbraut, einn húsasmiður og einn húsasmiðameistari. Fyrr á árinu voru brautskráðir sex stúdentar frá skólanum og er útskriftar-árgangurinn í ár sá stærsti frá upphafi.

Fyrstu stúdentarnir útskrifuðust frá MÍ fyrir þrjátíu árum. Fjöldi gamalla nemenda var við skólaslitin og fluttu fulltrúar nokkurra afmælisárganga ávörp. Árgangur Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara MÍ, á einmitt 25 ára útskriftar-afmæli í ár.


Ískýrslu skólameistara kom



Útskriftarhópurinn frá MÍ fyrir utan skólann með mislita kolla eftir námsbrautum. *Ljósmynd: Birgir Þór Halldórsson.*
 fram að skólinn hefði eflst mikið að undanfögnu, m.a. hefði nemendum fjölgað og aðgerðir til að minnka brottfall hefðu skilað tilætluðum árangri. Ólína sagði rekstur skólans í jafnvægi en baráttan við fjárveitingarvaldið væri eilífðarverkefni og gerði þak á fjölda nemenda sem menntamálaráðuneytið hefur sett skólanum að umtalsefni. Ólína sagði mikil sóknar-feri fyrir skólann þar sem einungis hluti Vestfirðinga á framhaldsskólaaldri sækta nám í héraði og óskaði eftir stuðningi vestfirska samfélagsins við að efla skólann enn frekar.
 – kristinn@bb.is

SAMKAUP

Opið:
 Virka daga 09-21
 Laugard. 10-21
 Sunnud. 12-21
SAMKAUP
 ...gæði og forðuleikar!
NEISTA
 HAFNARSTRÆTI 9-13
 SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi
 - 24 tímabil á dag -

EIMSKIP
 GREIÐ LEIÐ

Skallaði dyravörð

Maður á þritugsaldri var dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða til þrjátíu daga fangavistar fyrir að skalla dyravörð í andlitið á skemmtistað á Ísafirði í desember í fyrra. Fullnustu refsingar var frestað og fellur hún niður haldi sakborningur skilorð í tvö ár. Þá var ákærða gert að greiða allan sakarkostnað. Maðurinn játaði brot sitt. Fram kemur í dómnum að í kjölfar líkamsárásarinnar hafi los komið á framtönn dyravarðarins. Erlingur Sigtryggsson, dómsstjóri, kvað upp dóminn.

Veturnætur endurvaktar

Inga S. Ólafsdóttir, formaður menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar, segir stefnt að því að halda lista- og menningardagana Veturnætur á komandi hausti í kringum fyrsta vetrardag. Fljótlega verði farið að hafa samband við fólk í menningargeiranum til að undirbúa dagskrána. Veturnætur hafa verið haldnar nokkrum sinnum áður og hefur Áslaug S. Alfreðsdóttir, hótélstjóri á Ísafirði, verið einn helsti talsmaður þess að endurvekja hátíðina. Menningarmálaefnd fundaði með Áslaugu fyrir skemmstu og samþykkti nefndin að vinna að frekari útfærslu á verkefninu.

Ekið á kind og lamb

Ekið var á kind og lamb í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði í síðustu viku. Í tilkynningu frá lögreglunni segir að nú fari á tími í hönd að kindurnar verði til ama við þjóðvegina með nýborin lömb sín. Slys af því tagi eru ökuhöfðum til mikillar mæðu og tjón fyrir bændurna. Í síðustu viku voru fimm ökuhöfð gripnir við of hraðan akstur í umdæminu og einn tekinn vegna gruns um ölvun við akstur. Annars þótti helgarumferðin ganga ágætlega en lögreglan vill koma því á framfæri við vegfarendur að fara sér hægt í umferðinni. Of margir ækju t.d í gegnum Súðavík langt yfir leyfilegum hraða. Miklar vegaframkvæmdir verða í Ísafjardardjúpi í sumar og eru ökuhöfð hvattir til að virða hraðatakmarkanir og komast þar með hjá slysum.

Auglýsingasíminn er 456 4560

Skipulagsstofnun úrskurðar um virkjun Orkubús Vestfjarða í Tungudal

Þarf ekki umhverfismat

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að virkjun sem Orkubú Vestfjarða hyggst byggja við Tunguá í Skutulsfirði þurfi ekki að fara í umhverfismat. Virkjunin er um 700 kW að stærð. Í úrskurði Skipulagsstofnunar segir að markmið framkvæmdarinnar sé að bæta afhendingaröryggi rafmagns fyrir notendur á Vestfjörðum. Virkjaðir verða u.þ.b. 450-630 l/s af yfirfallsvatni úr Vestfjarðagöngum og u.þ.b. 70-250 l/s af vatni úr Tunguá. Fyrirhuguð er bygging 70-100 fermetra stöðvarhúss og 12-16 fermetra inntaksþróar, lagning 260 m vegtengingar frá sumarhúsi Landsbankans að stöðvarhúsi, 130 m langrar tengilagnar sem liggi frá vatns-

veitustíflu Tunguár að inntaksþró, 1.210 m langrar þrýstivatnspípu sem liggi frá inntaksþró að stöðvarhúsi og 50 m langs jarðstreng sem tengist núverandi loftlínu frá Ísafirði. Fallhæð virkjunarinnar verður um 115 m. Fram kemur að áætlað sé að inntaksþróin verði staðsett við núverandi yfirfall þar sem jarðgangnavatn komi undan þjóðveginum og gert sé ráð fyrir að þak þróarinnar verði ekki hærri en veghæð. Í gögnum sem Orkubú Vestfjarða sendi Skipulagsstofnun segir að Tunguá sé efnasauð, köld og brött. Lengd árinna sem verði fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar sé 1.462 m og sé fiskgengur hluti henn-

ar á þessum kafla í mesta lagi um 488 m. Sá hluti árinna sem hugsanlega þorni upp hluta ársins, sé ekki líklegur til að standa undir verulegri framleiðslu auk þess að farvegurinn sé verulega brattur. Bestu svæðin fyrir fisk séu neðst í ánni þar sem að hallinn sé minni. Fram kemur að ekki sé talið að framkvæmdirnar séu líklega til að valda miklum búsifjum á lífríki Tunguár. Þá kemur fram í gögnum Orkubúsins að gróður hafi verið greindur á hugsanlegu áhrifasvæði vatnsaflsvirkjunarinnar. Sem heild megi flokka landssvæðið sem raskað land. Við ána sé óraskað land m.a. með snarrót, krækilyngi, aðalbláberjalyngi, skollafingur og

mosajafni. Fram kemur að ekki sé búist við að viðbótaráhrif vegna framkvæmdarinnar á gróðurfur muni verða merkjanleg. Um áhrif á fornleifar segir að ein rúst sé staðsett norðan megin við Tunguá. Ekki sé talið að fornminjum stafi hætta vegna framkvæmdanna vegna fjarlægðar frá framkvæmdasvæði en lagt sé til að girða rústina af með gulum borða. Framkvæmdaraðili leggi til að fornleifafræðingur verði fenginn til að fylgjast með þegar grafið verði fyrir grunnni virkjunarinnar og vatnslögn austast á svæðinu, til að koma í veg fyrir skemmdir á óþekktum fornminjum. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Ísafjarðarbæjar,

Fornleifaverndar ríkisins, Landssíma Íslands hf., Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og veiðimálastjóra. Í umsögnum þeirra kemur fram að ekki sé talið líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum. Þó gera sumir þessara aðila örfáar athugasemdir m.a. er sú krafa umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar að síðustu 50 l/s árinna verði ekki teknir úr ánni og hefur Orkubúð lýst því yfir að á það verði fallist. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er því sú að virkjunin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

– *hj@bb.is*

Laun vinnuskólaunglinga í Ísafjarðarbæ

Með því hæsta sem gerist

Jón Björnsson, forstöðumaður Félagsmiðstöðvar Ísafjarðarbæjar, segir að laun unglunga í vinnuskóla bæjarins hafi batnað verulega á síðustu árum og nú sé svo komið að vinnuskólinn í Ísafjarðarbæ greiði hvað hæst laun á landinu. Þetta kemur fram í bréfi Jóns til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar. Sá munur er þó á kjörum unglunga í Ísafjarðarbæ og á höfuðborgarsvæðinu að hjá Ísafjarðarbæ fá allir að vinna sex tíma á dag en á höfuðborgarsvæðinu vinni þeir frá 3,5 og upp í 7 tíma á dag eftir aldi.

Í bréfi sínu leggur Jón til að laun unglunga í vinnuskólunum taki mið af samningi Starfsgreinasambands Íslands. Segir Jón að það yrði mikið framfaraspor og sveitarfélaginu til framdráttar enda yrði



Vinnuskólinn að störfum á Ísafirði fyrir nokkrum árum.

það hið fyrsta sem greiddi laun til vinnuskólaunglinga samkvæmt samningi.

„Laun í vinnuskólum lands-

ins hafa til þessa verið fundin út af forstöðumönnum og aðliggjandi nefndum mála-

flokksins. Þau hafa ekki tekið

mið af kjarasamningum, enda ekki talið að vinnuskólar séu starfsstaðir sem reka beinlínis arðbæra atvinnu, heldur frekar

fræðsla, atvinnubótastarfsemi og leið sveitarfélaga til þess að koma til móts við langt sumarfrí unglunga“, segir Jón í bréfi sínu.

Jón áætlaar að kostnaðarhækkun vegna þessa yrði tæp 900 þúsund en að meðaltali nemi launahækkunin um 15%. Laun unglunga á aldrinum 14-16 ára yrðu þá kr. 351, kr. 405 og kr. 485, í stað kr. 305, kr. 340 og kr. 446 eins og tíma kaupið er í dag.

Jón segir um framsækna launastefnu að ræða sem myndi setja þær kröfur á vinnuskólann að „aukin arðsemi verði af starfsemi hans og að verkefni séu ekki eingöngu fræðslu- og/eða atvinnubótatengd. Jafnframt lagar það þann launamun sem er á milli vinnuskólans annars vegar og garðyrkjudeildar hins vegar í málefnum elstu ungl-inganna, en oft eru jafnaldrar í vinnu hjá báðum deildum við svipuð verkefni á mismunandi launum og vinnutíma“, segir í bréfi Jóns.

– *kristinn@bb.is*

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Samþykkt um umgengni og þrífnað utanhúss til afgreiðslu í sveitarstjórnnum

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða hefur sent sveitarfélögum á starfssvæði nefndarinnar drög að samþykktum um umgengni og þrífnað utanhúss. Drögin eru til afgreiðslu í sveitarstjórnunum um þessar mundir. Í samþykktinni segir að eigan- da eða umráðamanni húss, girðinga og annarra mann- virkja sé skylt að halda eignum vel við og halda lóðum og lend- um hreinum og snyrtilegum. Þá segir einnig að óheimilt sé að skilja eftir á víðavangi, flytja, dreifa eða geyma lausa-

muni á þann hátt að valdið geti slysum, mengun eða lýti í umhverfinu. Á það jafnt við um smærri sem stærri hluti, svo sem bílflök, bílhluta, kerrur, vélar, tæki. landbúnaðar- plast, byggingaefni, báta. skipsskrokka, og annað sam- bærilegt. Þá segir í samþykkt- inni að tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skuli geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skrán- ingarskyld ökutæki skulu

geymd á þar til gerðum stæð- um. Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarkerfja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á bifreiðastæðum, á göt- um eða á almannafæri. Í samþykktunum er kveðið á um að heilbrigðisnefnd sé heimilt að fjarlægja hluti sem áður eru nefndir á kostnað og ábyrgð eigan- da að undangeng- inni viðvörðun þar sem almennt skal veittur 7 daga frestur til lagfæringa. Telji heilbrigðis- fulltrúi alvarlega hættu stafa

af geymslu hluta verður heim- ilt að fjarlægja slíkt strax. Þá verður heimilt sam- kvæmt samþykktinni að farga bílflökum og verðlausum hlut- um strax en hlutir sem einhver verðmæti eru í skulu geymdir í vörslu viðkomandi sveitarfé- lags í 45 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað þeirra og leyst út gegn greiðslu áfall- ins kostnaðar. Komi ekki upp ágreiningur í sveitarstjórnnum ættu þær því að óbreyttu að öðlast samþykki áður en sveit- arstjórnir fara í sumarleyfi.

Tófan skæður keppinautur

Tófan er búin að gera sig heimkomna í Hornbjargi og fælir burt svartfuglinn. „Strandajaxlar“ fóru norður í bjarg um síðustu helgi til að ná í svartfuglseggi en þar hafði tófan verið á undan þeim.

„Við fengum ágætis veð- ur en ekki var mikið um varp. Tófan kemst alls stað- ar þar sem að við komumst og varpið hefur minnkað á hefðbundnu stöðunum“, segir Tryggvi Guðmunds- son lögfræðingur á Ísafirði og eggjatökumaður til margra ára. Tryggvi og fé- lagar reikna með að fara 2-3 ferðir í sumar.

– *thelma@bb.is*

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri við Arnarfjörð

Sumarvertíðin að hefjast

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri verður opið í sumar eins og undanfarin 24 sumur. Safnið opnar á þriðjudag og verður opið frá kl. 13-20 alla daga. Safnið opnar óvenju snemma að þessu sinni en hingað til hefur venjan verið að opna 17. júní. Safn forsetans samanstendur aðallega af myndum úr lífi og starfi hans og eiginkonu hans, Ingibjargar Einarsdóttur. Minningarkapella Jóns Sigurðssonar og endurgerður fæðingarbær hans,

burstabærinn, eru hluti af safninu og gamla kirkjan er alltaf opin fyrir gesti staðarins. Með aðgöngumiða fylgir gestaþraut þar sem lagðar eru léttar krossasurningar um Jón Sigurðsson og staðinn fyrir gestina. Fimmtíu bókaverðlaun hafa verið veitt og er dregið í gestaþrautinni í desember ár hvert og verðlaunin send heim til vinningshafa. Í burstabænum er rekin veitingasala yfir sumarið þar sem boðið er upp á kaffi og heima-

bakað meðlæti, súpu og brauð og fleira. Veitingar eru framreiddar á palli úti við fyrir þá sem þess óska, þegar sólin skín fyrir vestan. Hópar eru beðnir að panta með fyrirvara. Í bænum eru einnig sýndir gripir frá Byggðasafni Vestfjarða, einkum frá 19.öld. Auk þess eru þar að jafnaði myndlistarsýningar ýmissa listamanna. Í sumar mun Rafn Hafnfjörð verða með ljósmyndasýningu í burstabænum. Aðgangseyrir er 300 kr.

fyrir fullorðna, 150 kr. fyrir ellilífeyrisþega og ókeypis fyrir börn og unglinga að 15 ára aldri. Mjög gott aðgengi er fyrir hreyfihamlaða á staðnum. Rekstraraðili safns Jóns Sigurðssonar er Hrafnseyrarnefnd og starfar hún á vegum forsætisráðuneytis og sér alfarið um alla uppbyggingu á Hrafnseyri. Húsfreyja í burstabænum í sumar verður Svandís Karlsdóttir eins og áður og safnverðir Sigurður G. Danielsson og Hemmi Gunn. – *hj@bb.is*



Stórhættulegir járnbútar finnast í Ísafjarðarhöfn

Sportkafarar úr siglinga-klúbbnum Sæfara sem voru að kafa við enda Ásgeirsbakka í Ísafjarðarhöfn í síðustu viku fundu nokkra oddhvassa járn-búta sem lágu á botninum. Skammt frá hefur siglinga-klúbburinn aðsetur og

hafa félagsmenn oft stokkið fram af bryggjunni við æfingar sínar, þar sem járnbúturnir fundust. Kafararnir gerðu hafnar-yfirvöldum þegar viðvart og er hreinsun að hefjast. Að sögn Guðmundar M. Kristjánssonar, hafnar-

stjóra Ísafjarðarbæjar, virðist þarna vera um að ræða afskurð af nýju þili sem rekið var niður við Ásgeirsbakka í vetur. Hann sagði málið lítið mjög alvarlegum augum og yrði verktaki við framkvæmdirnar krafinn skýringa á.

Að sögn félagsmanns í Sæfara sem blaðið ræddi við má telja það mikla mildi að járnbútar þessir hafi fundist því þeir standi það langt upp frá botninum að þeir hefðu auðveldlega getað valdið stórslysi. – *hj@bb.is*

Hátt í þúsund manns sóttu námskeið hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Konur í miklum meirihluta

Á síðasta ári sóttu 895 manns námskeið hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, þar af 615 konur og 280 karlar. Nemendastundir voru 28.283 en þær eru fengnar með því að margfalda fjölda þátttakenda með lengd námskeiðs. Flestir þátttakenda voru frá Ísafirði og Hnífsdal, en hlutfallslega flestir, miðað við íbúafjölda, frá Flateyri, Suðureyri og Kaldrananeshreppi. Þessar upplýsingar komu fram á aðalfundi fulltrúaráðs Fræðslumiðstöðvarinnar. Háskólanemar í fjarnámi á Vestfjörðum skólaárið 2003-2004, voru samkvæmt skrá

Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða 116. Þeir skiptust þannig milli skóla að við Háskólann á Akureyri voru 36 nemendur, við Háskóla Íslands 15, við Kennaraháskóla Íslands 44, við Háskólann í Reykjavík 6, við Hólaskóla 4, við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri 8 og 3 við Viðskiptaháskólann Bifröst. Konur voru 84 á móti 32 körlum. Skipting eftir svæðum var þannig að úr Reykhólahreppi voru 3, 16 úr Vesturbbyggð og Tálknafirði, 86 af norðursvæði Vestfjarða og 11 af Ströndum. Smári Haraldsson, forstöðumaður Fræðslumiðstöðvarinnar,

segir brýnustu verkefnin í þjónustu við fjarnema að efla faglega aðstoð svo sem í stærðfræði og tölfraði og byggja upp þjónustu fyrir fólk utan norðursvæðis Vestfjarða. Að staðaldri nota 50-60 háskólanemar aðstöðu í námsverinu á Ísafirði og 80-90 manns taka próf við miðstöðina á hverri námsönn. Árið 2003 hélt Fræðslumiðstöðin 137 próf fyrir háskólanema. Fjöldi próftaka var 424 og samtals tóku prófin 240 klukkustundir. Með undirbúningi og frágangi hafa því farið um 377 klukkustundir í pófahald, sem er rúmlega tveggja

mánaða vinna, að því fram kemur í tilkynningu frá Fræðslumiðstöðinni. Árið 2003 námu heildartekjur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða rúmum 33 milljónum króna samanborið við rúmar 22 milljónir árið 2002. Heildargjöld námu tæplega 31 milljón króna samanborið við tæpar 24 milljónir árið 2002. Rekstrarniðurstaða ársins að teknu tilliti til afskrifta var tæpar 1,5 milljónir króna. Af einstökum liðum námu tekjur af sí- og endurmenntun rúmum 15 milljónum og styrkir um 16,5 milljónum. – *kristinn@bb.is*

Skipstjórinn á Bjarma BA

Milljón í sekt fyrir brottkast

Skipstjórinn á Bjarma BA var dæmdur í einnar milljónar króna sekt í Hæstarétti í síðustu viku fyrir brottkast á afla á miðum útaf Vestfjörðum í nóvember 2001. Með niðurstöðu sinni staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Vestfjarða frá í fyrraumar. Skipstjórinn var á báðum dómstigum sakfelldur fyrir brot á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar með því að hafa ekki hirt, landað, né látið vega allan afla skipsins í tveimur veiðiferðum 3. og 4. nóvember 2001. Sýnt þótti að áhöfnin hafi hent að minnsta kosti 53 þorskum af afla skipsins aftur í hafið

skömmu eftir veiði þeirra. Myndir voru sýndar af brottkastinu í fréttatíma Sjónvápsins og einnig birtust myndir af því í Morgunblaðinu. Sást þar hvernig fiskar voru fluttir með færiböndum að rennu sem þeir falla á og fara út um lúgu á skipshlið og ofan í sjó. Greiði skipstjórinn ekki sektina innan mánaðar þarf hann að sæta fangelsi í þrjá mánuði. Auk hennar var hann dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með taldar 450.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns. – *kristinn@bb.is*

Snjómokstur á Djúpvegi

Græðir bauð lægst

Græðir sf. í Önundarfirði átti lægsta tilboð í vetrarþjónustu á Djúpvegi frá Súðavík og að Látrum í Mjóafirði. Tilboðið hljóðaði upp á kr. 3.998.000 milljónir eða 66% af áætluðum verkkostnaði sem var kr. 6.050.000. Næst lægsta boðið var frá K.N.H ehf. Ísafirði, kr. 4.394.000 eða 72,1% af kostnaðaráætlun. Úlfar ehf. Flateyri bauð kr. 4.991.000 eða 82.5% af

áætlun og Sandvirki í Þorlákshöfn bauð kr. 5.005.000 eða 82,7% af áætlun. Þá bauð Jón R. Sigurðsson á Þingeyri kr. 5.322.375 sem jafngildir 88% af kostnaðar-áætlun Vegagerðarinnar og Ólafur R. Sigurðsson á Ísafirði bauð kr. 5.328.000 eða 88,1% af áætlun. Um að ræða snjómokstur með vörubifreið, alls 17 þús. km. á ári, frá hausti til loka apríl 2007.



SAMÞYKKT UM KATTAHALD Í ÍSAFJARÐARBÆ

Samþykkt um kattahald í Ísafjarðarbæ tók gildi í desember 2003. Þeir sem eiga og halda ketti í Ísafjarðarbæ, höfðu frest til skráningar til 31. janúar sl. Kattaeigendur er hafa enn ekki skráð ketti sína geri það nú þegar, því innan tíðar verður farið í aðgerðir vegna óskráðra og villtra katta í bæjarfélaginu. Umsóknareyðublöð ásamt samþykkt um kattahald í Ísafjarðarbæ, eru til afhendingar á skrifstofu Ísafjarðarbæjar að Hafnarstræti 1 á Ísafirði. Eins verða gögn send í pósti sé þess óskað. Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10:00 til 15:00. Samþykkt um kattahald í Ísafjarðarbæ má nálgast á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is. Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Nýr línubátur kemur til hafnar í Bolungarvík

Einari Hálfðáns ÍS fagnað

Hátíðarstemning var um miðja síðustu viku þegar línuveiðarinn Einar Hálfðáns ÍS-11 kom til hafnar í Bolungarvík. Komu skipsins var vel fagnað af bæjarbúum og voru jafnt ungir sem aldnir mættir niður á höfn til að berja nýja skipið augum. Óhætt er að segja að um tímamót sé að ræða enda langt síðan svo stórt skip bættist í flota Bolvíkinga. Skipstjóri á Einari Hálfðáns er aflaklóin Guðmundur Einarsson. Hann var hæstánægður með skipið og sagði það hafa reynst vel á siglingunni frá Grindavík sem tók um 16 tíma. Aðspurður um fyrstu veiðiferðina segir hann að líklega verði ekki haldið til sjós fyrr en í haust.

Einar Hálfðáns er ekki ókunnugur við Djúp. Skipið var smíðað í Flekkefjord í Noregi árið 1967 fyrir Hraðfrystihúsið Norðurtangann hf. á Ísafirði og hét í fyrstu Guðbjartur Kristján ÍS-20 og síðan Orri ÍS-20. Skipið var síðan selt Bakka hf. í Bolungarvík og fékk þá nafnið Vinur ÍS. Síðar var skipið selt Fiskanesi hf. í Grindavík og fékk þá nafnið Albatros GK-60.

Útgerðarfyrtækið Rekavík ehf. í Bolungarvík keypti Albatros GK-60 frá Þorbjarni-Fiskanesi hf. í Grindavík og breytti nafninu í Einar Hálfðáns ÍS-11. Skipinu fylgir 350 tonna þorskkvóti og 1.000 tonna rækjukvóti. Rekavík ehf. er í eigu Bakkavíkur hf. í

Einar Hálfðáns ÍS siglir inn í höfnina í Bolungarvík.

Bolungarvík, Þorbjarnar-Fiskanes hf., A.G. Sjávarafurða hf., Sjóvá-Almennra hf., Nafta ehf. og útgerðarfyrr-

tækisins Ós ehf. sem gerir út smábátana aflasælu Hrólfr Einarsson ÍS og Guðmund Einarsson ÍS. – *thelma@bb.is*



Fjölmenni hafði safnast saman á bryggjunni til að taka á móti nýja skipinu.



Einar Hálfðánsson, Hálfðán Einarsson og Guðmundur Einarsson. Mynd: Baldur Smári Einarsson.



Ásgeir Guðbjartsson skipstjóri mætti að sjálfsgöðu á kajann til að óska fyrrum stýrimanni sínum á Guðbjörgu ÍS, Guðmundi Einarssyni, til hamingju með nýja skipið.

GÓÐUR ÍS – GOTT VERÐ

Hversdagsís í nýjum 1 lítra og 1.5 lítra umbúðum

www.toyota.is

Bílasýning Toyota helgina 5-6. júní



COROLLA VERSO



YARIS



AVENSIS



RAV4



LAND CRUISER

Farandbílasýning Toyota um helgina

Sölumenn okkar verða á ferðinni um helgina með glæsilegt bílasafn frá Toyota. Komdu, skoðuðu, spáðu og reynsluaktu.

Laugardaginn 5. júní

Hópið Tólknaflirði kl. 10-11

Vegamót Bíldudal kl. 11:30-12:30

Esso skálinn Þingeyri kl. 14:30-15:30

Esso skálinn Flateyri kl. 16-17

Esso skálinn Suðureyri kl. 18-19


Sunnudaginn 6. júní

Shell skálinn Bolungarvík kl. 10-12

Bílatangi Ísafirði kl. 13-17



TODAY TOMORROW **TOYOTA**



Bílatangi, Suðurgötu 9, sími 456 3800

ritstjórnargrein

Ástand og horfur

Liðsmenn stjórnar og stjórnarandstöðu skiptust ekki á treyjum að leik loknum að hætti boltasparkara; einstaka klappi á bak og uppstilltu brosi brá þó fyrir. Farsælu þingi, upphafi kraftmikils kjörtímabils er lokið vilja sumir meina. Aðrir segja stjórnarliðið hafa gengið lemstrað til búningsherbergja, blikur séu á lofti og þjálfaraskiptin á haustmánuðum gætu reynst afdrifarík. Allt er þetta orðalag þingmanna þó eftir gamalgróinni forskrift, blandað væntingum og smekk hvers og eins.

„Augljóslega er veruleg óánægja innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins vegna niðurstöðu málsins (skattalækkunarmálið) fyrir lok þingsins nú. Sú óánægja kann að gera Halldóri Ásgrímssyni erfitt fyrir þegar það kemur í hans hlut að hafa forystu í stjórnarsamstarfinu frá og með 15. september nk. Þá tekur hann við því hlutverki að leiða samstarf flokkanna tveggja og þar með hvílir á honum meiri ábyrgð að leysa úr deilumálum, sem upp kunna að koma“

Framangreind tilvitnun í leiðara Morgunblaðsins á hvítasunnudag verður ekki misskilin. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins leyndu ekki óánægju sinni. Þar á bæ hefur dregið fyrir sólu. Framsóknarmenn svara á móti að menn megi ekki fara á taugum. Og með þá fullvissu að ekkert muni koma í veg fyrir upprisuna, ganga þeir út í sumarið baðaðir ímynduðum geislum þess, sem bíði þeirra að hausti.

Sjómannadagurinn

Sjómannadagurinn er dæmi um hvernig umturnun helstu atvinnugreinar þjóðarinnar hefur breytt hátíðisdegi heillar stéttar. Það er engum ofsögum sagt að þessi dagur íslenskra sjómanna, hvers umgjörð var samfelldur lofsöngur um hetjur hafsins og þakkaróður fyrir framlag þeirra til samfélagsins, líður nú orðið hjá líkt og af gömlum vana, þar sem hans er enn á annað borð minnst. Hefði sjómannadaginn borið upp á virkan dag væru áreiðanlega nú þegar uppi raddir um að fella hann inn í helgarfrí til útivistar á fjöllum undir formerkjum hagræðingar.

Hvað bíður sjómannadagsins? Munum við aftur upplifa ritskoðun á ræðumanni dagsins? Og ráðherra verði fenginn til að tala um eitthvað skemmtilegra en tilvist íslenskra sjávarbyggða á sjómannadaginn! Á sjómannadagurinn yfir höfuð framtíð fyrir sér?

Bæjarsins besta sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra kveðjur í tilefni dagsins.

s.h.

orðrétt af netinu

Í Berlín

Nú á að opna Rex aftur. Þar voru samankomnir allir leiðinlegustu mennirnir sem maður þekkti úr skóla, fullir af sjálfs-trausti, veifandi feitum vindlum, vildu endilega bjóða manni í glas og voru orðnir viðskiptajófrar. Svo breyttist tíðarandinn og þá var sett skilti í gluggann á Rex þar sem stóð að þar myndi brátt opna „hlýlegur staður“.

Mojito-barinn er líka að opna á efstu hæðinni í gamla húsi Reykjavíkurapóteks. Kona sem ég þekki fór þangað í fyrra. Hún sá að verið var að hella einhverjum drykk úr flösku í glös, spurði: „Hvaða sull er þetta?“ Var sagt að það væri „mojito“. Hún sagði að það gæti ekki verið - glasið kostaði 1200 krónur. Þá sagði ungur maður sem stóð við hliðina á henni: „Hvað ert þú að rífa þig, fólkið drekkur þetta, pabbi minn á staðinn og við græðum fullt af peningum!“

strik.is – Silfur Egils

Útgefandi: H-prent ehf., Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · **Blaðamenn:** Kristinn Hermannsson, sími 863 1623, kristinn@bb.is – Halldór Jónsson, sími 892 2132, hj@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is · **Auglýsingar:** Steingrímur Rúnar Guðmundsson, sími 896 0035, denni@bb.is · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ISSN 1670 - 021X

Margir eigendur dagabáta

Geta hagnast verulega á breyttum lögum

Þær breytingar sem nú hafa verið lagðar til á dagakerfi smábáta geta fært eigendum margra báta umtalsverða fjármuni ákveði þeir að selja kvóta sinn eftir breytingarnar. Hafi menn viljað fjárfesta í smábát sem gerður er út á sóknardagakerfi hafa menn að undanförnu þurft að greiða 800 þús-

und til eina milljón króna fyrir hvern sóknardag auk bátsins. Mjög misjafnt er hvað einstakir bátar bera mikinn kvóta úr bitum við lagabreytingarnar en algengast virðist að bátar fái kvóta á bilinu 30-50 tonn en hæstu bátarnir fá yfir 90 tonn í úthlutun og enginn bátur fær minna en 15 tonn í sinn

hlut.

Að undanförnu hefur varanlegur kvóti þorsks í smábátakerfinu verið að seljast á um 770-800 krónur hvert kíló. Samkvæmt markaðslögmálinu ætti varanlegur kvóti í þessu kerfi að lækka þegar og ef framboð af honum eykst. Kvótasalar sem blaðið ræddi við telja svo ekki verða. Verðið muni stíga ef eitthvað er eins og oft hefur orðið raunin í kjölfar breytinga í kerfinu.

Mjög erfitt er að slá neinu föstu um hagnað hvers og eins af fyrirhuguðum breytingum af þeirri einföldu ástæðu að mjög misjafnt er með hvaða hætti og á hvaða verði menn komu inn í kerfið. Nærtækast er því að taka dæmi af nýlegum bátasölum í dagakerfinu. Á síðasta ári var ekki óalgengt að bátar með 21 dag væru að seljast á um 20 milljónir.

Nefnd voru þrjú dæmi við blaðið um sölur á norðanverðum Vestfjörðum þar sem bátar fóru á því verði. Verðmæti kvóta þeirra nú eftir breytinguna um ári eftir kaupin verður á bilinu 38 til 48 milljónir króna. Myndu útgerðarmenn þessara báta því hagnast um 18-28 milljónir hver tækju þeir þá ákvörðun að hætta útgerð.

Á hitt ber að líta að einnig eru eflaust dæmi um menn sem keypt hafa báta með mörgum dögum en með litla veiðireynslu. Þeir útgerðarmenn komast ekki úr greininni með hagnaði. Það skal ítrekað að ekki er víst að þessi dæmi rætist. Í fyrsta lagi er frumvarpið ekki orðið að lögum og síðan geta markaðsforsendur orðið aðrar en hér eru nefndar. Og að síðustu myndast þessi hagnaður ekki nema að menn kjósi að hverfa úr greininni. – hj@bb.is



Landað úr smábát í höfninni í Bolungarvík.

Vinnuhópur um háskóla- setur á Vestfjörðum

Leggur til stofnun „Þekkingarseturs Vestfjarða“

Vinnuhópur um háskóla- setur á Vestfjörðum, skipaður af menntamálaráðherra, leggur til að stofnað verði „Þekkingarsetur Vestfjarða“ á grunni Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og með aðild háskóla- og rannsóknarstofnana með starfsemi á Vestfjörðum. Markmiðið yrði að efla rannsóknir- og þróun, háskólanám og símenntun á Vestfjörðum og er lagt til að ráðinn verði framkvæmdastjóri sem verði „samræmingaraðili stofnananna og hafi yfirlumsjón með starfseminni.“

Þetta er meðal þess sem lagt er til í nýttkominni skýrslu hópsins sem var ætlað að gera tillögur um hvernig standa skuli að uppbyggingu aðstöðu fyrir háskólamenntun og rannsóknir á Vestfjörðum.

Fram kemur að menntamálaráðherra hafi skipað nefnd til að móta tillögur um

skipulag og fjármögnun háskólanáms á landsbyggðinni og „skipulag og fjármögnun Þekkingarseturs taki endanlega mið af niðurstöðum nefndarinnar sem ráðherra fellst á. Stefnt verði að því að þær geti komið til framkvæmda haustið 2004.“ Hópurinn gerir ráð fyrir 20 milljóna króna framlagi frá menntamála- og iðnaðarráðuneytum til reksturs þekkingarsetursins á árunum 2004 og 2005. „Jafnframt verði unnið að því að tryggja það fjárframlag til framtíðar og að veita auknu fjármagni til rannsókna og staðbundins háskólanáms á Vestfjörðum.“

Lagt er til að framboð á fjárnámi á háskólastigi verði aukið með sérstöku tilliti til fjölbreyttra þarfa Vestfirðinga og annarra íbúa á landsbyggðinni. Í því skyni verði horft til aukins

samstarfs háskóla um fjárkennslu og sérstaks fjárstuðnings við þróunarstarf í fjárkennslu.

Þá verði háskólar hvattir og studdir til að bjóða upp á staðbundna kennslu í tilteknum greinum á Ísafirði til viðbótar við fjárnám. „Þar kæmi til álita nám í náttúruvísindum eða öðrum greinum sem byggja á sérstöðu Vestfjarða svo sem fjölmenningu. Slík kennsla verði viðurkennd sem hluti af námi til háskólagráðu sem að öðru leyti væri tekin í fjárnámi. Þannig gætu nemendur á Ísafirði stundað nám á háskólastigi með blöndu af staðbundnu námi og fjárnámi“, eins og segir í skýrslunni.

Vinnuhópurinn vill að þjónusta við háskólamenntun verði efla á Ísafirði á þeim grundvelli sem lagður hefur verið með Fræðslumiðstöð Vest-

fjarða. Lögð verði áhersla á aðstoð við almennan undirbúning fyrir háskólanám, miðlun fjárnáms, aðstöðu fyrir staðbundið nám og stoðþjónustu við nemendur.

Þá leggur hópurinn áherslu á að rannsóknir á Vestfjörðum verði eflar í samstarfi við háskóla- og rannsóknarstofnanir í fjórðungnum. „Unnið verði að rannsóknar- og þróunarstarfi í samstarfi við fyrirtæki á Vestfjörðum með sérstakri áherslu á upplýsingatækni.“ Að auki vill hópurinn að meistara- og doktorsnemum verði sköpuð aðstaða til að vinna rannsóknarverkefni sín á Vestfjörðum í tengslum við rannsóknastofnanir á svæðinu auk þeirra háskóla sem þeir stunda nám við. Horft verði til þess að slík aðstaða verði í tengslum við eflingu á nýsköpunar- og þróunarverkefnum.



Þökkum hlýhug og samúð við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Katrínar Marínar Valdimarsdóttir
Bolungarvík

Dagbjartur Þorbergsson
Álfóds Jakobsdóttir
ömmubörn og langömmubörn

[illegible]

„Mitt framlag til minningar um Ragnar son minn“

– segir Vilborg Arnarsdóttir, frumkvöðull sumarleikjagarðs í Súðavík

Vilborgu Arnarsdóttur í Súðavík, eða Boggu eins og hún er oftast kölluð, hefur dreymt um að koma á fót leikjagarði þar sem börn og fullorðnir geti skemmt sér saman – leikið sér. Bogga færir hagnýt rök fyrir tilvist garðsins sem auki afþreyingarmöguleika vaxandi fjölda ferðamanna sem heimsækja Vestfirði og svo hafi hann ekki síður uppeldis- og heilsufarslegt gildi sem vettvangur leikja og hreyfingar fyrir börn og fullorðna. Meira býr þó að baki og einlægni, áhugi og dugnaður virðast hafa getað opnað dyrnar fyrir hugmynd Vilborgar, sem í fljótu bragði virðist hvorki nógu hagnýt né geggjuð til að komast í framkvæmd. Óhætt er að segja að garðurinn sé Boggu hjartans mál og að baki býr draumurinn um að skapa börnum og fullorðnum vettvang til að leika sér – ekki síst saman.

Stofnað hefur verið áhugamannafélag um verkefnið og fjölmargir heimamenn hafa lagt því lið og gefið vilyrði fyrir stuðningi. Sjálf hefur Bogga safnað í sjóð með kleinubakstri í vetur úr meira en 200 kílóum af hveiti og nýverið veitti Pokasjóður verkefninu styrk að upphæð ein milljón króna, sem hefur gert áhugafólkinu kleift að hefjast handa. Fyrir skemmstu var fyrsta skóflustungan tekin að 1. áfanga verksins og gerir Bogga ráð fyrir að geta opnað fyrir almenningi um miðjan júlí. Síðan er ætlunin að halda uppbyggingunni áfram eftir því sem fjárráð leyfa.

Garðurinn mun verða í ytri byggðinni í Súðavík, þar sem snjóflóðið féll árið 1995 og nú er blómleg byggð á sumrin. Hann verður ofan Túngötu á svipuðum slóðum og leikskólinn var og nýtir bílastæði sem þar eru og þarf einungis lítillega að laga. Sigurður Friðgeir Friðriksson, nemi í umhverfisskipulagi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, hefur unnið drög að skipulagi garðsins eftir hugmyndum Boggu. Þar er ætlunin að verði ýmis konar leiktæki og æfingataeki fyrir skólkara, grillaðstaða og fleira.

„Þetta er fyrir alla fjölskylduna. Við ætlum að búa til nokkurs konar skógarstemningu með því að planta trjáum og hávöxnum runnum og láta vaxa villt.“

– Þetta verður væntanlega ekki gert allt í einu?

„Nei, við höfum sett upp fimm ára áætlun fyrir framkvæmdirnar. Síðan veltur framvindan náttúrlega á því

hversu dugleg við Vestfirðingar verðum að koma þessu í framkvæmd og hverja við fáum með okkur. Þetta byrjaði sem hugmynd einnar konu og var innblásið af útivistarsvæðinu í Kjarnaskógi í Eyjafirði. Nú má ekki lengur setja upp leiktæki eins og eru þar og því var þetta orðið að átta milljóna króna verkefni. Þá var bara verið að tala um hlutina sem þyrfti að kaupa að, fyrir utan jarðvinnu og slíkt. Þannig var ákveðið að stofna félag og gefast ekki upp – og nú er þetta komið vel af stað.“

Fjallið kom ekki...

– Hvað verður garðurinn stór?

„Til að byrja með höfum við áætlað um 6.000 fermetra svæði undir hann en það jafngildir um 8-10 einbýlishúsalóðum. Svæðið verður lokað með runnagróðri, ekki girðingum, og á að hafa náttúrlegt yfirbragð. Þarna verða margs konar tæki, bæði leiktæki og þjálfunartæki. Þannig er ætlunin að hafa garðinn fyrir allar gerðir af fólki og á öllum aldri. Við erum að reyna að stefna að leiktækjum sem eru ekki á leikskólalóðum eða grunnskólalóðum og þau eiga öll að þola fullorðið fólk svo að það geti líka sótt garðinn.“

Hérna á svæðinu er fimm sundlaugar, sem er mjög fínt. Ég finn hins vegar sem foreldri að það vantar eitthvað annað á móti, einhvern vettvang þar sem foreldrar og börn geta slakað á. Garðurinn verður opin öllum og það stendur ekki til, að minnsta kosti ekki í fyrstu, að selja inn. Ef vel tekst



til og garðurinn verður stór, þá er jafnvel hugmyndin að vera með mínigolf þar. Þá þarf að leigja kúlur og kylfur og við myndum hugsanlega taka eitthvert lágmarksgjald til að standa undir viðhaldi. Garðurinn á að vera fyrir alla og allir sem taka þátt í gerð hans

munu eiga hann í sameiningu. Þannig má segja að það búi viss samfélagshugsjón að baki.“

– Þú fóst af stað með þetta mál í haust en ertu búin að bræða það með þér lengi?

„Já, í mörg ár. Ég sá að hvorki sveitarfélögin hér í

kring eða aðrir hefðu áhuga á að gera þetta. Ég upplifði því að fjallið kom ekki til mín og því ákvað ég að gera eitthvað í málinu og koma því af stað.“

Ekki þurft að biðja um neitt

– Hvernig undirtektir hefur fengið?

„Hingað til hefur ekkert frést af garðinum utan Súðavíkur. Við höfum verið í undirbúningsvinnu, að hugsa hvernig við ætlum að hafa garðinn, hvað hann kostar, kynna okkur leiktæki, sækja

um styrki og fleira. Allavega er það þannig, að Súðvíkingar hafa tekið þessu svo vel að börnin í þorpinu ætla að halda kökubasar til styrktar verkefninu nú um hvítasunnuna. Það má fullyrða að nær öll fyrirtæki í Súðavík gefi vinnu til verkefnisins á einhvern hátt. Jónbjörn Björnsson ætlar t.d. að gefa gröfuvinnu, Vestfirskir verktakar ætla að hjálpa okkur að setja upp leiktækin þegar þar að kemur, Félagarehf. ætla að hjálpa til við hirðingu á garðinum og svo koll af kolli.“

– Má þannig spá því að flestir Súðvíkingar verði búnir að koma að málinu áður en yfir lýkur?

„Já, ég held það, alveg frá yngstu börnunum og upp úr. Að auki hafa þrjú stærstu fyrirtækin í þorpinu gefið mér boli sem eru seldir í Víkurbúðinni og Dekurhúsinu og allur ágóðinn af þeim rennur óskiptur til garðsins.“

– Hvað geturðu gert mikið í sumar?

„Við erum búnir að ákveða að ráðast eingöngu í svæði 1 í sumar og Pokasjóður hefur gert okkur kleift að opna um miðjan júlí. Þar getum við verið með fjögur leiktæki, bekki, borð og grill. Svo er Súðavík-urhreppur búinn að kaupa fimm mínigolfbrautir – þannig verður hægt að byrja en síðan ræðst framhaldið af því hversu vel gengur að fá fjármagn til verksins.

Þannig vildi til að Gámaþjónusta Vestfjarða hafði heyrt af þessum hugmyndum en ég hef alltaf nefnt garðinn vinnuheitinu Raggagarður. Ragnar Ágúst Kristinsson, framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar, hafði samband við mig og bauðst til að lagfæra lóðina undir leiktækin endurgjaldslaust og Hagalín Ragúelsson gefur sína vinnu við verkið. Það er verk upp á einhver hundruð þúsunda. Við höfum ekki þurft að biðja neinn um neitt heldur hafa þessir góðu aðilar komið til okkar boðið aðstoð sína.“

Ekki eins manns verk



Vilborg við mynd af Ragnari syni sínum sem lést í bílslysi í Súðavík fyrir nokkrum árum. Vilborg hefur tileinkað framlag sitt til garðsins minningu hans.

„Ég held að það sé kjörið að hafa garðinn í ytri byggðinni þar sem er fjöldi sumarhúsa og svo fyrirtækið Sumarbyggð sem leigir út íbúðir á sumrin. Að auki er ekki svo langt að fara fyrir íbúana í innri byggðinni. Eins og okkur finnst nú stutt að skreppa í sundlaugararnar í Bolungarvík, á Suðureyri og Flateyri og jafnvel á Þingeyri, þá verður jafnstutt

fyrir alla hina að heimsækja garðinn. Leiktækin eru dýr svo það er skynsamlegra að byggja frekar upp einn myndarlegan garð á norðanverðum Vestfjörðum heldur en vera með svolítið hér og svolítið þar. Garðurinn verður náttúrlega eingöngu sumarleiksvæði. Þarna verður mikill gróður og gras og þannig er ágætt að garðurinn fái hvíld yfir vetrar-

tímann en á sumrin verður hann öllum opin.“

– Hvað verður svo framhaldið? Vinnurðu að því næsta að útvega meira fé til verksins?

„Það verður haldið áfram að sækja um styrki og útfæra hugmyndina betur. Við höfum boðið fólki, ef það er með einhverjar hugmyndir sem það vill koma að í garðinum, að láta okkur vita. Þetta er sam-

félagsverkefni og við inngang garðsins er ætlunin að koma upp skilti þar sem nöfn þeirra sem hafa hjálpað myndarlega til við framtakið munu standa til frambúðar.“

– Síðan eiga eflaust margir eftir að koma í garðinn í sumar og e.t.v. heillast af framtakinu...

„Já, vonandi. Sigurður Friðgeir Friðriksson hefur tekið að sér að hanna garðinn fyrir okkur. Þannig eru mjög margir sem koma að garðinum með einum eða öðrum hætti. Ég býð alla velkomna, hvort sem það eru fyrirtæki, félög eða einstaklingar. Ég vissi þegar ég fór af stað, að þetta gerir maður ekki einn og ekki einu sinni svona áhugafélag.“

Börnin hætti ekki að leika sér


– Félagið nefnist Raggagarður. Af hverju er það?

„Það má segja að félagið hafi óvart fengið nafnið Raggagarður því að önnur nöfn sem komu upp voru ekki á lausu. Þetta er ekki nafnið á garðinum sem slíkum heldur er ætlunin að halda hugmynda-samkeppni þegar fram líður en sennilega nefnum við einn lundinn Raggalund. Ástæðan fyrir því að ég tók þetta upp sem vinnuheiti er að mitt framlag til garðsins er til minn-

ingar um Ragnar son minn sem náði ekki fullorðinsaldri. Mí-nar bestu stundir með börnun-um mínum hafa einmitt verið í Kjarnaskógi og á slíkum stöðum. Þannig langar mig svo mikið til þess að foreldrar hér á Vestfjörðum geti átt svona stundir með börnunum sínum oftar, að þeir þurfi ekki að fara svona langt. Þá er mínum markmiðum náð. Þetta eru einu hagsmunir mínir í þessu verkefni – að sjá foreldra og börn brosa og hafa gaman.

Börnin í Súðavík hafa hjálpað til við að ákveða hvaða leiktæki verða fyrir valinu og skrifað niður hvað þeim finnst. Þannig er ekki um það að ræða að eitthvert fullorðið fólk sé að velja fyrir börnin. Ég er að reyna að höfða til barnanna að þau hætti ekki að leika sér tíu ára. Við fullorðna fólkið þurfum líka að fara að leika okkur og finna barnið í okkur.

Lífið hefur kennt mér að enginn veit hversu langan tíma við fáum með ástvinum okkar hér í þessari jarðvist. Þess vegna er svo mikilvægt að fjölskyldur geti átt ánægjulegar samverustundir og skemmt sér saman á heilbrigðan hátt, í þessu hraða þjóðfélagi þar sem fjölskyldan á alltaf erfiðara uppdráttar“, sagði Vilborg, sem stendur í stórræðum við að leiða uppbyggingu leikja-garðs í Súðavík.



Hugmynd af skipulagi garðsins sem fyrirhugað er að reisa í Súðavík.

Pegar litið er yfir lífshlaup Halldórs Hermannssonar gæti mönnum dottið í hug að þar væri stofnun eða hópur manna á ferð. Svo víða hefur hann komið við á sínum ferli. Hann hefur starfað mikið að félagsmálum, stjórnmálum og atvinnumálum. Hann á stóra fjölskyldu. Margra barna faðir. En fyrst og fremst er hann sjómaður. Af lífi og sál. Hann hefur alla ævi verið nátengdur sjónum og sjómennskunni. Þrátt fyrir að hans aðalatvinna hafi verið í landi undanfarna áratugi hefur sjávarseltan aldrei verið langt undan. Sjómannadagurinn verður haldinn hátíðlegur víðs vegar um land á sunnudaginn. Nema ef vera skyldi á Ísafirði. Það er þyngra en tárur tekur hversu illa er komið fyrir þessu gamla forystuplássi Ísafirði. Sjaldan var minnst á sjávarútveg á Íslandi án þess að nafn þessa kaupstaðar við Skutulsfjörð væri getið. En nú er öldin önnur. Í fyrra voru eins og allir muna engin hátíðarhöld á sjómannadaginn á Ísafirði. Hvað um það. Í tilefni sjómannadagsins féllst Dóri Hermanns á að setjast niður með blaðamanni og ræða nokkur atriði tengd sjómennskunni. Ekki aflahrotur, drekkhlaðna báta eða kærustur sem biðu sjómanna í hverri höfn að sagt var. Um það hefur oft verið rætt og ritað. Við ræddum um þær hliðar sem sjaldan eru ræddar á sjómennskunni. Trúna og hjátrúna. Söknuðinn, hræðsluna og missinn sem því miður hefur fylgt sjómannastéttinni frá öndverðu. Hliðarnar sem hraustir íslenskir karlmenn ræða kannski ekki oft um.



Fer aldrei í nýja skó á mán

– viðtal við Halldór Hermannsson skipstjóra um þær hliðar sjómennskunnar sem sjaldan eru ræddar

– En við byrjum á sjómanna-deginum. Nú starfaðir þú lengi að undirbúningi hátíðarhalda sjómannadagsins. Finnst þér þeim ekki hafa hnignað með árunum?

„Jú, það er rétt. Þegar ég kom fyrst til Ísafjarðar ellefu ára gamall árið 1945, þá höfðu bræður mínir verið hér út frá um nokkurra ára skeið og ljómi hátíðarhalda sjómannadagsins hafði borist okkur til eyrna í sveitina. Lýsingarnar voru eins og þessi hátíðarhöld jöfnuðust á við bestu kjötkveðjuhátíðir í útlöndum. Ég sá það strax að þeir höfðu rétt fyrir sér. Hér voru glæsileg hátíðarhöld. Það var mikil almenn þátttaka í því sem í boði var. Skipti þar engu hvort um var að ræða útileiki eða glæsilegar skemmtanir innanhúss, að ógleymdum dansleikjunum sem haldnir voru hér í að minnsta kosti þremur samkomuhúsum. Þetta var ógleymanlegur tími. Menn skemmtu sér konunglega.

Síðan breytist þetta með komu skuttogaranna um 1970. Þá minnkaði sá tími sem menn höfðu til þess að undirbúa hátíðarhöldin. Staðreyndin var nefnilega sú, að á árum áður voru menn á milli vertíða á þessum árstíma og höfðu nægan tíma til þess að undirbúa hátíðarhöldin. Sjómannadagurinn í dag er auðvitað ekki nema svipur hjá sjón. Hvort eitthvað er hægt að gera í því skal ég ekki segja. Þó hlýtur nú að vera hægt að standa öðruvísi að málum en í fyrra þegar nánast engin hátíðarhöld voru hér.“

Hjátrúin og nýju skórnir

– Nú eru Íslendingar sagðir hjátrúarfullir. Það er oft nefnt í sambandi við sjómannastéttina, ekki satt?

„Jú, jú, þegar ég var að byrja til sjós á litlum bátum var maður fljótur að finna fyrir þessari hjátrú. Hún kom fram á svo margan hátt. Ég held að þetta hafi komið til í upphafi vegna þess að það var beygur í mönnum. Beygur vegna þess að menn þurftu að sækja sjóinn á þessum litlu bátum. Menn höfðu kannski verið í landi í nokkurn tíma á milli vertíða og kviðu fyrir því að fara af stað að nýju. Kannski hafa menn fundið til vanmáttar síns. Því kom þessi hjátrú eflaust í upphafi sem haldreipi. Nokkurs konar baktrygging. Sjálfur var ég hjátrúarfullur eins og flestir. Ég hafði ekkert fyrir mér í þessu. Sumir trúá einn dag frekar en annan. Byrja til dæmis ekki ný verk nema á ákveðnum vikudegi. Ég vildi síður byrja vertíð eða nýtt verk á mánudegi eða miðvikudegi. Ég trúði kannski ekki sterkt á þetta en ég tók samt ekki þann séns að láta þessi mál angra mig eða verða mér til trafala. Því hélt ég mig við ákveðna daga. Þannig var hugarfarið í lagi. Ég fór til dæmis ekki í nýja skó á þessum dögum. Það var útilokað.

Nú, fleira má nefna. Það þótti ekki góð latína til sjós að syngja um Ólaf Liljurós. Það var ávísun á vitlaust veður. Sumir voru svo passasamir að

þeir stukku til og slöktu á útvarpinu ef þetta lag var spilad þar. Nú, ekki vildu menn sjóða svið á sjónum. Það kom ekki til greina. Ekki mátti heldur glenna lönguhaus, þá kom brjálað veður. Og ekki var heldur tekið í mál að kúla steinbít og hengja upp ef menn fengu hann á færi. Nú getur fólk eflaust hlegið að þessu en ég skal nefna gott dæmi hvernig fer fyrir mönnum sem þetta gera.

Einu sinni sem oft var ég á færum í sumarblíðu. Það var búin að vera silkið í tíu daga. Með mér var Hrólfur Pétursson, mikill sjóhundur sem ekki var hjátrúarfullur. Hann fékk steinbít, kúlaði hann og hengdi upp. Ég varð brjálaður við hann og vildi henda fiskinum í sjóinn en kallinn brást hinn verstí við. Nú, við fórum síðan inn til löndunar og aftur út um kvöldið í sömu blíðunni. Skömmu síðar þegar við erum rétt byrjaðir að dorga versnar veðrið mjög hratt og áður en við gátum brugðist við kom þessi svaka skafl inn á bátinn og færði kallinn á bólakaf. Þá var mér mjög skemmt en honum ekki. Svona er þetta bara. Við verðum alltaf að hafa svona hluti til þess að eygja þá von að við verðum heppnir.“

– Hvað nær þessi hjátrú langt aftur? Var pabbi þinn hjátrúarfullur?

„Maður lifandi! Hann var svakalegur! Það mátti aldrei syngja yfir böllum þegar við vorum að beita og því síður blístra. Það var stranglega bannað. Kallinn varð alveg

ómögulegur ef það kom fyrir. Ef menn hins vegar hnerruðu, þá varð sá gamli ánægður. Annað var, að þegar var verið að draga og fiskur sást og það lýsti á fiskinn, þá mátti segja: Það lýsir. Segðu menn hins vegar: Það lýsir enn, þá hoppaði kallinn upp og sagði mönnum að halda kjafti. Svona gat munað litlu. Nú var pabbi vel gefinn maður og kallaði ekki allt ömmu sína en þetta var bara svona með hann. Þessa hluti vildi hann hafa á hreinu.“

– Fylgdi þessi hjátrú mönnum í land?

„Já, maður lifandi, það gerir það. Alveg eins og með skóna. Ég fer ekki í nýja skó á mánudegi. Það er á hreinu. Ég sé ekkert að því að hafa hjátrú. Af hverju mega menn ekki byggja sig upp? Sjáum íþróttamenn. Það er nú ekki lítil hjátrúin þar.“

Sjóslysinn miklu

– Nú varst þú skipstjóri á áratugnum milli 1960 og 1970 sem var mikill sjóslysatími hér vestra. Þetta hlýtur að hafa verið erfitt tímabil...

„Já, þetta var ægilegt tímabil. Á þessum árum misstum við nú skip og flest með allri áhöfn. Á þessum árum var mikil ísing og svo mikil óveður að annað eins hefur vart sést. Það var erfitt með veðurspár á þessum tíma. Veðrið rauk svo fljótt upp og sjórinn var svo kaldur að það fraus allt sem inn á skipin kom. Þrátt fyrir að sjómenn séu á stundum ofurkappsamir, þá voru þessi

miklu slys ekki kappi manna að kenna heldur fyrst og fremst slæmum og óvæntum veðrum og síðan ísingunni. Símon heitinn Helgason skipstjóri sagði mér á sínum tíma, að þegar hann stundaði sjóinn af hvað mestu kappi á árunum 1925-1950, þá hefði hann varla þurft að berja ís. Svona getur veðurlag verið misjafnt milli áratuga. Við stóðum eiginlega ráðþrota gagnvart þessum miklu sjóslysum. Við vissum vart hvað til bragðs ætti að taka. Hættan minnkaði auðvitað með stærri skipum og er því kannski að aukast nú með minnkandi skipum að nýju. En sjómennskunni fylgja alltaf hættur sem menn verða að læra að umgangast. Þess vegna losna menn varla við kvíðann innst inni í þessu starfi. Að ég tali nú ekki um kvíða þeirra sem heima sitja.“

– Voru nokkur ráð til þess að lifa með þessum miklu sjóslysum á sínum tíma? Kunni fólk nokkuð að taka á sínum málum á þessum tíma eins og í dag er gert með áfallahjálpi og öðru slíku? Verður kannski aldrei hægt að lifa með þessu?

„Á þessum árum höfðu menn ekkert annað en prestinn sinn og vini og ættingja. Prestarnir fóru á milli og sátu hjá fólki á meðan mesta sorgin var að ganga yfir. Annað var það nú ekki. Ég er ekki viss um að þau ráð sem beitt er í dag séu neitt betri en notuð voru í þá daga. Kannski er ég ekki rétti maðurinn til þess að dæma um þessa hluti.“

– Nú urðu sum samfélög á Vestfjörðum fyrir mun stærri

áföllum en önnur á þessum mikla sjóslysaáratug. Það hlýtur að hafa haft áhrif á lífið á ekki stærri stöðum en til dæmis Súðavík, Flateyri, Hnífssdal og Bolungarvík, svo við nefnum einhverja...

„Já, auðvitað hefur þetta verið erfitt. En svona hefur þetta bara verið mjög lengi. Hugsaðu þér, að 7. maí 1812 farast 7 skip með 54 mönnum frá Önundarfirði. Þetta þurfti fólk að búa við alla tíð. Menn voru á arabátum og þeir voru margir. Því urðu áföllin stór þegar þau urðu. Dauðinn hefur einfaldlega alltaf verið mjög nálægur fólki hér á árum áður. Bæði af völdum slysa og sjúkdóma. Barnadauðinn var mikill eins og við vitum. Dauðinn var bara tíður gestur og eðlilegri, ef svo má að orði komast. Auðvitað var þetta hryllilega sárt og átakanlegt. Sérstaklega þegar fjölskyldur splundruðust í kjölfar dauðsfalla. Þá var oft litla hjálpið að hafa. Sem betur fer hefur það breyst. Nú er fólki meira hjálpað og það er af hinu góða.“

– Hvernig stæðum við að vígi ef við fengjum svona áratug illviðra eins og á milli árunna 1960 og 1970?

„Það yrði mjög erfitt fyrir okkur eins og fyrir okkur er komið í dag með alla okkar smábáta. Við höfum orðið að láta frá okkur svo mikið af fiskveiðiréttindum og svo stóran hluta okkar skipastóls. Hann er ekki nema svipur hjá sjón sem var.“

– Höfum við lært af reynslunni Íslendingar?

„Já, ég held það nú hvað

slysavarnir varðar. Auðvitað hafa menn reynt að draga lærdóm af því sem gerist. Við erum mjög kappsamir, og eins og allir vita, þá er kapp best með forsjá. Ég trúi því að menn hafi auðvitað lært nokkuð af reynslunni. Það sem mér fannst við umgangast af hvað mestu kæruleysi á árum áður var stöðugleiki skipa. Menn komu af skútunum sem voru með mikinn stöðugleika. Menn áttuðu sig ekki á því hvað skipin breyttust fljótt. Vélar minnkuðu og léttust en ekkert var gert við skipin að öðru leyti. Þarna sofnaði Siglingastofnun á verðinum á sínum tíma. Bátum hvolfdi stundum af minnsta tilefni. Hins vegar voru veðrin sem komu til dæmis 1968 ótrúleg. Ég segi ótrúleg. Menn trúðu ekki að veður gætu orðið svo slæm sem þá. Menn lentu bara í heljargreipum. Þetta var bara víti sem menn lentu í og fengu ekki rönd við reist.“

Minnisvarói sjómanna

nuðögum

Um þessar mundir eru þrjátíu ár síðan sjómenn tveir tóku sér stöðu á Eyrartúni og hafa staðið þar vaktina til heiðurs þeim sem fallnir eru og til heilla þeim sem halda á mið. Þeir eru nú í siglingu í Þýskalandi og fá þar ný klæði. Halldór Hermannsson var einn þeirra sem komu að gerð og uppsetningu sjómannastyttunnar í upphafi. Ég bað hann að rifja upp þá sögu.

„Já, það er gaman að rifja þá sögu upp. Það hafði verið rætt hér í nokkra áratugi að reisa sjómannastyttu en af ýmsum ástæðum hafði ekkert gerst. Það var síðan Guðmundur vinur minn Gíslason, mikill forystumaður í sjómannastétt. Guðmundur var vaskur maður mjög. Honum leiddist það ákaflega hversu illa gekk að koma upp minnismerki sjómanna. Eitt sinn hitti ég hann og þá sagðist hann hafa verið að koma úr Reykjavík og þar hefði hann hitt myndhöggvara, Ragnar Kjartansson að nafni, og hann hefði pantað hjá honum eitt stykki myndastyttu. Við urðum allir hér mjög reikulir í spori sem þá vorum í forystu félaga sjómanna. Menn töldu sumir að Guðmundur hefði tapað glórunni. Hann sagði þetta hafa verið einu leiðina því annars myndi ekkert gerast.

Við byrjuðum því að safna peningum og varð nokkuð ágengt en við þurftum að safna þremur milljónum sem var mikið fé í þá daga. Við áttum samt nokkuð langt í land þegar ég var ásamt Sturlu Halldórs-syni kallaður í Landsbankann.

Þá stóð þannig á að Landsbankinn átti sjötiu ára afmæli. Af því tilefni voru ýmsum félögum hér réttir smástyrkir sem auðvitað munaði um. Þegar hins vegar kom að okkur var okkur rétt ávísun fyrir um þriðjungi heildarkostnaðar við gerð styttunnar. Ég var mjög glaður þegar ég náði í Guðmund vin minn sem þá var á sjó og tilkynnti honum um þetta. Styttan var síðan vígð og við vígsluna var Guðmundur auðvitað fremstur í flokki. Það var hins vegar svíplegt að síðar sama ár drukknaði hann, 39 ára gamall. Þetta var svakalega dapurlegt. Það var síðan ákaflega gleðilegt að nú þrjátíu árum seinna skuli Landsbankinn ennþá hugsa til okkar sjómanna og ákveða að kosta endurgerð styttunnar. Við sjómenn erum ákaflega þakklátir fyrir þennan rausnarskap.“

Trúin á Guð

– Við töluðum um hjátrúna áðan. Hvað með trúna? Nú eru sjómenn hörkutól og kann-



legt að sjómenn taki mikinn þátt í sjómannadagsmessum. Síðan voru menn að heita á alls konar hluti. Kirkjur og hluti og jafnvel gamlar konur. Það var algengt. Þetta hefur minnkað mikið því að menn eru orðnir svo öruggir með sig. Það sem eftir stendur er að þegar í nauðir rekur hefur maður engan annan á að treysta en Guð.“

Sjómannslífið og fjölskyldan

– Markar sjómannslífið fjölskyldu hans mikið í lífinu? Til dæmis börnin?

„Nei, það held ég ekki. Ekki svo mikið. Hins vegar er misjafnt hvernig fólk bregst við hlutum. Mamma var til dæmis alltaf mjög hrædd um pabba á sjónum. Svo mjög að okkur krökkunum fannst stundum ganga úr hófi. Við þurftum stundum að hjálpa henni. Hún leið kvalir. Stundum í veðrum sem okkur fannst engin ástæða til þess að hafa áhyggjur af mönnum. Við verðum hins vegar að líta á það að hún hafði orðið vitni að nokkrum sjóslysum þannig að það markaði hana. Hún var hins vegar minna hrædd um okkur bræðurna.“

– Heldurðu að konan þín hafi verið eins hrædd um þig?

„Nei, ekki eins hrædd og mamma. Auðvitað hefur hún verið hrædd um mig á stundum þegar hún var með fullt hús af börnum eins og allar konur voru á þessum tíma og fyrirvinnan var ein. Nú eru hins vegar breyttir tímar.“

– Varst þú einhvern tímann hætt kominn?

„Nei, ég get ekki sagt það. Mér fannst ég aldrei vera hætt kominn en oft lenti maður í mjög slæmum veðrum þar sem skip fórust. Oft var álagið mikið á skipstjóra og skipshöfn að komast til hafnar í aftakaveðri. Ég fékk hins vegar aldrei þá tilfinningu að ég væri kominn

á fremsta hlunn. Oft voru taugar þandar til hins ýtrasta en ég var aldrei hætt kominn að mínu álitni.“

– Hefur heppni eitthvað með þetta að gera eða er þetta eingöngu spurningin um að vera góður sjómaður?

„Auðvitað hefur heppni eitthvað með þetta að gera. Það væri fásinna að halda öðru fram. Hins vegar geta menn bara lent í þeim aðstæðum að ekki verði við neitt ráðið og þá skiptir engu máli hversu góður sjómaður þú ert. Ég lít til dæmis á það sem að hluta til heppni, að ég skuli aldrei hafa misst mann eða lent í mjög alvarlegum slysum. Framhjá því er ekki hægt að líta. Það hafa margir þurft að horfa á eftir mönnum í sjóinn og það hlýtur að vera ægileg reynsla, því auðvitað spyrja menn sig alltaf hvort hægt hefði verið að haga hlutum öðruvísi. Alveg eins og maður getur ímyndað sér að gerist þegar menn lenda í bílslysum, svo við nefnum einhver dæmi. Þannig að góður sjómaður hlýtur að hafa heppnina að vissu leyti með sér.“

– Var einhver veiðiskapur skemmtilegri en annar í þínum huga?

„Nei, ég get ekki sagt það. Mér þótti ávallt spennandi að byrja nýjan veiðiskap, hvaða nafni sem hann nefndist. Síðan er auðvitað misjafnt hvernig menn lifa með þessu. Sumir endurlifa túrana á meðan þeir eru í landi. Sjá ekkert annað og geta ekki slitið sig frá þessu. Geta hvergi sest niður án þess að vera komnir á dekk eða í aðgerð. Ég trúi því að ég sé ekki svona slæmur.“

Jafnstöðuafli er það sem koma skal

Þrátt fyrir að við Halldór höfum sest niður til þess að ræða afmörkuð mál tengd sjómenskunni fer ekki hjá því

að talið berist annað slagið að stöðu mála í sjávarbyggðunum. Ég nefni það við hann hvernig honum lítist á stöðu mála í dag.

„Það fjarar stöðugt undan okkur hér á Ísafirði og það er leitt til þess að vita. Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur farið illa með okkur hér og víða á landsbyggðinni, svo ekki sé minnst á það siðleysi sem það hefur smitað út frá sér í allt viðskiptalífið eins og við sjáum æ oftár í dag. Heiðarleiki er því miður mjög á undanhaldi í viðskiptum. Ég trúi því að sá dagur muni koma, að við verðum að stokka stjórnkerfi fiskveiða upp að verulegu leyti. Því miður horfir svo ekki í dag þar sem nú hefur verið lagt fram enn eitt frumvarpið til þess að bæla niður og koma þeim síðustu frjálsum inn í kvótahnaðphelduna. Við munum því Vestfirðingar ennþá einu sinni tapa verulegum aflaheimildum. Síðan vill enginn bera ábyrgð á verðlausum eignum fólks á landsbyggðinni.

Þessar verðlausu eignir eru afleiðingar stefnu stjórnvalda í fiskveiðimálum. Mín skoðun er sú, að landsbyggðarfólk nær ekki vopnum sínum fyrr en við göngum í Evrópusambandið í kjölfar Norðmanna. Það sem við best gerum í fiskverndarmálum er að koma hér upp jafnstöðuaflla, til dæmis 250 þúsund tonn af þorski og um milljón tonn af loðnu. Það myndi nægja okkur til að byrja með. Það er lífsnauðsynlegt fyrir okkur að þekkja betur samspil einstakra fiskistofna. Í dag erum við að horfa um of á hvern stofn fyrir sig. Leiða má sterkar líkur að því að undanfarið hafi verið veitt of mikið af loðnu. Það sást best í togararallinu í vetur. Þá var þorskur fyrir Vestur- og Norðurlandi ætíslaus og horaður. Það fór hljótt um þessa staðreynd þegar menn voru að guma af meintum uppgangi

þorskstofnsins. Við verðum að halda jafnvægi í lífríkinu ef við ætlum að hafa arð af fiskistofnunum.

Það er síðan ægilegt að fylgjast með stjórnarþingmönnum okkar kjördæmis. Þeir eru alltaf að eigin álitni að vinna varnarsigra. Að öllu óbreyttu er okkur að blæða út og á meðan segjast þeir vera að vinna einhverja varnarsigra. Það þarf að sækja til þess að ná lengra.

Síðasta afrek stjórnarþingmannanna var að svíkja okkur í smábátamálinu. Þar sögðust þeir verða að styðja breytingar á smábátakerfinu af því að samkomulag hefði verið milli Landssambands smábátaeigenda og sjávarútvegsráðherra. Ég sem hélt að þeir hefðu sótt sitt umboð til kjósenda í okkar kjördæmi. Það hlýtur hver maður að sá í gegnum þennan aumingjaskap.

Vestfirskir stjórnmalamenn, bæði á landsvísu og í sveitarstjórnum, verða að berjast. Að ligga marflatur fyrir valdinu mun aldrei færa okkur neitt. Að berjast fyrir rétti umbjóðenda sinna er ekki vinsældakosning hjá valdhöfunum. Að komast á sem flestar myndir með valdhöfunum í hanastélsboðum er ekki mælikvarðinn á árangur stjórnmalamanna. Það verða okkar fulltrúar að fara að skilja ef við ætlum að búa hér áfram.“

Þar með var Halldór Hermannsson rokinn. Hélt í Borgarfjörðinn með Kötunni í sumarbústað. Til þess að taka það rólega. Þótt ótrúlegt megi virðast er hann kominn á átt-ræðisaldur, þetta unglamb. Drengurinn frá Svalbarði ætlar að spila þar golf af miklum móð eins og allt annað sem hann hefur tekið sér fyrir hendur í lífinu. Væntanlega verður hann fljótur að tileinka sér þá íþrótt og trúlega mun röddin sterka frá Svalbarði heyrast á golfvöllum á næstu sumrum.

– Halldór Jónsson.

Skipstjóri sektaður fyrir Héraðsdómi fyrir brot á lögum um lögskráningu sjómanna

Veiðileyfi var ekki til staðar og að hvor-ugur skipverja var lögskráður á skipið

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt skipstjóra í 100 þúsund króna sekt fyrir brot á lögum um lögskráningar sjómanna og lögum um atvinnuréttindi sjómanna. Hann var hins vegar sýknaður af ákæru um brot á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Málavextir eru þeir að Landhelgisgæsla Íslands hafði afskipti af skipi skipstjórans þann 12. desember 2003, þar sem það var að veiðum í Ísafjarðardjúpi. Tveir menn voru um borð, ákærði, sem gegndi stöðu skipstjóra og vélstjóri. Við athugun kom í ljós að veiðileyfi var ekki til staðar og að hvorugur skipverja var lögskráður á skipið. Skipinu var vísað til hafnar og hald lagt á afla og veiðarfæri.

Skipstjórinn skýrði svo frá að hann hafi farið á sjó 11. desember 2003 og lagt net. Hann kveðst hafa haldið úr höfn klukkan 16:00. Er heim var komið hafi hann farið að

athuga skjöl og áttað sig á því að skipið hafði ekki veiðileyfi. Ástæðuna sagði hann að veiðileyfi komi venjulega sjálfkrafa við úthlutun kvóta í upphafi fiskveiðiárs, en það hafi ekki gerst í þetta sinn, þar sem skipið hafi ekki verið með gilt haf-færnissskírteini þá. Hann hafi bætt úr haffærinu, en ekki gætt þess að veiðileyfið vantaði. Hann hafi að kvöldi 11. desember sótt um veiðileyfi og lagt inn greiðslu gegnum tölvu. Leyfið hafi borist daginn eftir á faxi. Skipstjórinn kannaðist við að starfsmaður Fiskistofu hafi hringt til sín þegar hann var að byrja að draga og sagt að það tæki ekki gildi fyrr en á miðnætti, en hann hafi ekki séð sér fært að fresta því að draga netin og raunar ekki skilið hvernig á því gæti staðið að leyfið hefði ekki öðlast gildi, þar sem hann hefði fengið staðfest að það hefði þegar borist.

Skipstjórinn kannaðist við

að hafa ekki lögskráð fyrr en 12. desember, en kveðst hafa gert það innan 24 klukkustunda frá því að hann lagði úr höfn daginn áður og telji sér það heimilt. Þá vísaði hann til úrskurðar samgönguráðuneytisins frá 29. apríl 2002, þar sem útgerð skipsins var heimiluð undanþága frá skyldu til að hafa lögskráðan stýrimann við rækjuveiðar innanfjarðar í Ísafjarðardjúpi. Hann hafi litið svo á að ekki skipti máli hvort veiddur væri þorskur eða rækja, enda hafi veiðarnar verið sambærilegar að öllu leyti.

Starfsmaður Fiskistofu sem kom fyrir dóminn sem vitni staðfesti að leyfisbréfið hefði verið ritað 12. desember 2003 og sent ákærða í faxi. Hann staðfesti að hafa hringt til ákærða til að gera honum ljóst að leyfið ætti ekki að taka gildi fyrr en 13. desember. Í dómmum segir hinsvegar að til þess verði að líta að hvað sem líður dagsetningu sem rituð er neðst

á leyfisbréfið, var það komið til útgerðarinnar 12. desember 2003. Í bréfinu hafi ekki verið tekið fram að leyfið eigi að gilda frá ákvæðnum degi, heldur útgefudegi. Er þannig uppi, að mati dómsins, óskýrleiki um gildistíma leyfisins, þar sem leyfisbréfið var afhent með þessum hætti 12. desember, sem verður þá að skoða sem raunverulegan útgáfudag þess. Þennan óskýrleika taldi dómurinn að yrði að túlka ákærða í hag og miða við að hann hafi haft gilt veiðileyfi

12. desember 2003. Var hann því sýknaður af sakargiftum í þessum þætti ákærunnar. Jafnframt hafnaði dómurinn kröfu ákæruvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra.

Dómurinn telur hinsvegar óumdeilt að skipstjórinn hafi brotið gegn ákvæðum laga um lögskráningar sjómanna og einnig laga um atvinnuréttindi sjómanna þar sem undanþága sú sem skipið hafði hafi eingöngu átt við um innfjarðar-rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi en ekki um þorskveiðar á sama

svæði. Var hann því sakfelldur fyrir brot á þessum lögum.

Var skipstjórinn því dæmdur í 100 þúsund króna sekt til ríkissjóðs sem greiða skal innan fjögurra vikna en sæti ella fangelsi í 12 daga. Hafnað var kröfu ákæruvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda skipstjórans skal ríkissjóður greiða að hálfu á móti ákærða. Annar sakarkostnaður skal greiðast úr ríkissjóði.

Erlingur Sigtryggsson, héraðsdómari, kvað upp dóminn.



Freya Sadarangani að vinna við könnunarskurðinn hjá stöpli sjómannastyttu Ragnars Kjartanssonar, myndhöggvara.

Fornleifafræðingar hefja störf á Eyrartúni á Ísafirði

Kanna hið forna bæjarstæði

Fornleifafræðingar á vegum Fornleifastofnunar Íslands hófu fyrir stuttu fornleifakönnun á Eyrartúni á Ísafirði. Gerðir hafa verið tveir könnunarskurðir, annar við stöpul sjómannastyttu Ragnar Kjartanssonar, myndhöggvara, og hinn nær Safnahúsinu. Í grennd við styttuna er talið að hafi verið

ruslahaugur hins forna bæjarstæðis á Eyrartúni. Freya Sadarangani og James Taylor, fornleifafræðingar, hafa þegar fundið ösku, skeljar og bein sem bendir til þess að grunur þeirra sé réttur.

„Verkefnið er mjög spennandi, það kom í ljós þegar við grófum í hólinn í fyrrasumar

að hann er fullur af fornleifum. Ruslahaugurinn veitir okkur innsýn í líf fólksins sem bjó hér forðum“, segir Freya. Skurðinum sem er nær Safnahúsinu er ætlað að staðfesta að túngarður Eyrarbæjarins hafi ekki náð lengra en talið er að bærinn hafi staðið á hólnum.

– thelma@bb.is

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Efnt verði til íbúabings

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hefur reifað við bæjarráð hugmyndir um að halda íbúabing í sveitarfélaginu. Í minnisblaði til ráðsins segir hann skynsamlegt að hald undirbúningsfund vegna málsins nú í vor og stefna á að halda íbúabing í haust að loknum sumarfríum.

Fram kemur í minnisblaði bæjarstjóra að ráðgjafafyrirtækið Alta hafi sérhæft sig í því að halda íbúabing og hafi haldið þau í fjölmörgum sveitarfélögum. Þá hafi bæjarstjóri kynnt sér málið ásamt fleiri fulltrúum bæjarsins, m.a. formanni umhverfisnefndar.

„Það er margt sem þarf að

ræða á íbúabingi – ekki síst skipulagsmál og atvinnumál ásamt öllum þeim málaflokkum sem fjallað er um. Þess vegna er skynsamlegt að hefja undirbúning svona þings og stefna á að halda það í haust“, segir Halldór. Bæjarráð vísaði ákvörðun um þinghaldið til bæjarstjórnar. – kristinn@bb.is



Verkefnisstjóri

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. auglýsir laust tímabundið starf á skrifstofu félagsins á Ísafirði.

Auglýst er eftir starfsmanni í stöðu verkefnisstjóra til eins árs með möguleika á framlengingu.

Starfslýsing:

Verkefnisstjórinn þarf að geta unnið í eða stýrt fjölbreyttum verkefnum sem m.a. eru:

- Alhliða viðskipta- og markaðsráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja.
- Samstarfsverkefni með sveitarfélögum.
- Greiningarvinna á atvinnulífi og samfélagi.
- Upplýsinga- og kynningarmál fyrir félagið.

Leitað er að einstaklingi með menntun á sviði viðskipta með áherslu á stefnumótun eða á markaðsmál. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu í rekstri eða markaðssetningu.

Framangreint störf eru unnin í nánú samstarfi við ýmsar af stöðstofnunum atvinnulífsins. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa góða framkomu, eiga auðvelt með að starfa með öðrum og tjá sig í töluðu og rituðu máli. Starfinu fylgir ferðalög innan sem utan Vestfjarða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf hið fyrsta.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri í síma 450 3000 og 862 6092 eða með tölvupósti adalsteinn@atvest.is. Umsóknir sendist til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf., Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði, eigi síðar en 10. júní nk.

Hlutverk Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða er að efla atvinnulíf og búsetuskilyrði á Vestfjörðum. Félagið framkæmir það með ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga, stefnumótandi verkefnum í atvinnumálum fyrir sveitarfélög og kynningu á Vestfjörðum.



Gradualekór Langholtskirkju.

Gradualekór Langholtskirkju heimsækir Vestfirði og Vesturland

Syngur í Ísafjarðarkirkju

Gradualekór Langholtskirkju syngur við messu í Ísafjarðarkirkju á sjömannadaginn 6. júní og heldur tónleika í kirkjunni kl. 17:00 sama dag. Á efnisskrá kórsins verða sýnishorn af verkefnaskrá vetrarins. Fluttur verða þættir úr Gloríu eftir Vivaldi og einnig úr páskaverkinu Háb eftir danska tónskáldið John Høybye.

Gagnrýnendur Morgunblaðsins luku miklu lofsorði á frammistöðu kórsins á báðum þessum tónleikum. Auk þess verða á efnisskránni vor- og sumarlög, íslensk og erlend m.a. Johann Strauss. Einsöngvarar úr röðum kórfélaga verða María Vigdís Kjartansdóttir og Þóra Sif Friðriksdóttir en þær luku báðar grunnprófi nú í vor

frá söngdeild Kórskóla Langholtskirkju en það samsvarar 3. stigi eftir gamla tónlistarskólakerfinu. Gradualekór Langholtskirkju tók til starfa 1991. Kórfélagar eru á aldrinum 12 - 18 ára og mjög miklar kröfur eru gerðar til þeirra sem fá innngöngu í kórinn og margir kórfélagar eru langt komnir í al-

varlegu tónlistarnámi. Verkefnaval kórsins spannar verk frá barokktónlist til erfiðustu nútímaverka. Hann hefur vakið sérstaka athygli fyrir hve auðveldlega og með mikilli gleði erfið nútímaverk eru flutt. Stjórnandi kórsins hefur frá upphafi verið Jón Stefánsson. – bb@bb.is

Útgerðir farþegabáta við Ísafjarðardjúp

Góðar horfur í sumar

Sumarið lofar góðu fyrir útgerðir farþegabáta við Ísafjarðardjúp og hefur mikið verið pantað það sem af er, a.m.k. hjá tveimur fyrirtækjum sem blaðið hafði samband við. Hornstrandir og aðrar eyði-

byggðir norðan Djúps eru vinsælar hjá ferðafólki auk þess sem Vigur í Ísafjarðardjúpi hefur verið fjölsóttur ferðamannastaður undanfarin ár og í fyrrasumar var farið að sigla með ferðamenn í Bæi á Snæ-

fjallaströnd, m.a. til að skoða Kaldalón. Starfsmenn Hornstranda ehf. eru í óða önn að koma bátunum í stand. Áætlunarferðir hefjast 1. júní og segir Harpa Henrýsdóttur, hjá Horn-

ströndum, að sumarið leggist mjög vel í mannskapinn. Þá hafa Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar fengið fjölmargar pantanir og hefja fastar áætlunarsiglingar til Aðalvíkur og Hesteyrar hefjast 11. júní.

Héraðsdómur Vestfjarða

Sex ungir menn dæmdir fyrir fíkniefnaviðskipti

Sex karlmenn á aldrinum 18-32 ára hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Vestfjarða til greiðslu sekta, samtals að fjárhæð kr. 770.000, vegna fíkniefnabrota. Þeir sem hæstu sektirnar fengu voru sakfelldir fyrir að selja hass en hinir fyrir kaup á hassi. Mun fleiri tengdust málinu, flestir vegna kaupa á hassi, en mál sexmenninganna var skilið frá og þeir dæmdir sameiginlega. Nítján ára manni var gefið að sök að hafa keypt 43 g af hassi af óþekktum aðila í Reykjavík í fyrra og flutt þau

að Brú í Hrútafirði þar sem hann afenti þau þriðja aðila. Sakborningurinn játaði brotin fyrir dómi og var dæmdur til að greiða kr. 160.000 í sekt. Öðrum 19 ára gömlum manni var gefið að sök að hafa staðið á kaupum að allt að 100 g af hassi af óþekktum aðila í Reykjavík í fyrrasumar, hafa flutt það í bifreið sinni til Ísafjarðar og afhent þriðja aðila til endursölu. Sakborningurinn játaði brot sitt fyrir dómi og var dæmdur til að greiða kr. 250.000 í sekt. 22ja ára gömlum manni var

gefið að sök að hafa keypt allt að 5 grömm af hassi á Ísafirði í fyrrasumar. Hann sinnti ekki fyrirfalli um að mæta fyrir dóm og var fjarvistin metin svo að hann viðurkenndi að hafa framið brotið. Ákærði var dæmdur til að greiða kr. 40.000 í sekt í ríkissjóð. 32ja ára gömlum manni var gefið að sök að hafa keypt allt að 3 gr. af hassi, á Ísafirði í fyrrahaust, til eigin neyslu. Ákærði sinnti ekki fyrirfalli og var dæmdur til að greiða kr. 35.000 í sekt í ríkissjóð. Tvítugum manni er gefið að

sök að hafa í fyrrahaust selt í hagnaðarskyni allt að 80 g af hassi á Ísafirði gegn greiðslu í formi fíkniefna frá þriðja aðila, eiganda þeirra, til allt að 17 aðila. Ákærði játaði sök og var dæmdur til að greiða kr. 250.000 í sekt. Hann var að auki dæmdur til að greiða kr. 40 þús. skipaðs verjanda síns. Þá var 18 manni gert að sök að hafa keypt allt að 3 g af hassi. Ákærði sinnti ekki fyrirfalli og var dæmdur til að greiða kr. 35.000 í sekt. Dóminn kvað upp Erlingur Sigtryggsson, dómsstjóri.

Menntaskólinn á Ísafirði

heimasíða: www.fvi.is
netfang: mi@fvi.is
Sími: 450 4400 · fax: 450 4419

Innritun fyrir haustönn 2004

Innritun er hafin í Menntaskólanum á Ísafirði. Tekið er við umsóknum á skrifstofu skólans til **12. júní** inn á eftirtaldar brautir:

Stúdentsbrautir:
Félagsfræðibraut – félagsfræðasvið
– viðskiptasvið
Náttúrufræðibraut
Öldungadeild

Iðnnám:
Grunndeildir bíl- og málmiðna
Grunndeild rafiðna
Grunnnám byggingargreina
Samningsbundið iðnnám
Vélstjórn 1. og 2. stigs

Starfstengdar brautir:
Bóklegur hluti skipstjórnarnáms – könnun
(í samvinnu við Stýrimannaskólann í Reykjavík – með fyrirvara um samþykki menntamálaráðuneytis)
Félagsliðanám – könnun
(„brú“ fyrir starfsfólk félagsþjónustu – með fyrirvara um samþykki menntamálaráðuneytis)
Sjúkraliðabraut

Undirbúningsbrautir:
Almenn námsbraut – leiðir I og II
– leið III: Nýbúanám
Starfsbraut
Umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu skólans og á heimasíðunni www.fvi.is.
Ath! Brýnt er að umsóknir hafi borist fyrir 12. júní. Námsráðgjafi og áfangastjóri eru til viðtals fram að þeim tíma.
Skólameistari.

bb.is

– lifandi vefur sem þúsundir sækja heim á degi hverjum!

Húsnæði til leigu

Til leigu eru eftirtaldar eignir á Ísafirði:

- 3 herb. íbúð á 3. hæð að Stórholti 11.
- 120m² íbúð á 2. hæð að Aðalstræti 18 auk skrifstofuhúsnæðis á 3. hæð.
- 600m² iðnaðarhúsnæði á 2. hæð að Sindragötu 11 og beitningarpláss á 1. hæð á sama stað.

Upplýsingar gefa Ágúst Gíslason í síma 894 5053 og Flosi Kristjánsson í síma 897 4173.

Fjölmenni samfagnaði elsta borgara Ísafjarðar

Elsti borgari Ísafjarðar, Torfhildur Torfadóttir, bauð vinum og vandamönnum til veislu á laugardag í tilefni af eitt hundrað ára afmæli sínu þann 24.mái. Veislan var haldin í samkomusal dvalarheimilisins Hlífar á Ísafirði og kom fjölmenni til að samfagna þessari öldnu heiðurskonu. – hj@bb.is

Torfhildur ásamt börnum sínum og Einars Jóels-sonar þeim Kristínu Jónu, Sigurbirni Sævari og Torfa Arnari. Myndir: Þorsteinn J. Tómasson.



Fjölmenni samfagnaði Torfhildi.



Þessar heiðurskonur bjuggu allar um áratugaskeið á Bökkunum. Sölvey Jósefsdóttir, Torfhildur, Anna Sigríður Kristjánsdóttir og Herdís Albertsdóttir.



Jón Friðgeir Jónsson hóf störf sín sem landpóstur á Öundurafirði 1957.

Hættir sem landpóstur eftir hálfrar aldar starf

Jón Friðgeir Jónsson hætti á föstudag sem landpóstur í Öundurafirði. Hann hóf störf árið 1957 og hefur því unnið við pósthúsingana í tæplega 50 ár. Hann segir margt hafa breyst síðan hann hóf störf, þegar pósturinn kom með skipi og var borinn út einu sinni í viku. Seinustu ár hefur pósturinn borist

reglulega og magnið aukist, þó sér í lagi af svokölluðum ruslpósti. Pósturinn var hliðarstarf hjá Jóni Friðgeir sem var fyrst með búskap og vann síðan við flugvöllinn í Holti og síðar á Þingeyrarflugvelli. Jón Friðgeir sest nú í helgan eftir hálfrar aldar starf við pósthúsingana. – thelma@bb.is

Andstæður

Hið fingerða og hið grófgerða
Hið stóra og hið smáa
Fiðla og risabor

Þarfir atvinnulífsins eru mismunandi,
það vitum við hjá Lýsingu.
Við snúum fjármögnun í takt við þínar þarfir.

Þetta er einn af mörgum dæmum um hvernig við hjálпам þínu fyrirkomulaginu.
Við hjálпам þínu fyrirkomulaginu.

LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Skipulagsstofnun fellst á tillögu að matsáætlun vegna Stranddalavegar

Gert ráð fyrir að forhönnun vegarins hefjist í haust

Skipulagsstofnun hefur fallist á áætlun Leiðar ehf. um mat á umhverfisáhrifum vegar um Arnkötludal og Gautsdal sem nefndur hefur verið Stranddalavegur. Áætlunin var unnin af Náttúrustofu Vestfjarða. Jónas Guðmundsson, framkvæmdastjóri Leiðar ehf., segir að vinna við umhverfismatið samkvæmt áætluninni hefjist í beinu framhaldi af úrskurðinum og veiti ekki af enda verði t.d. fuglalíf svæðisins ekki rannsakað með fullnægjandi hætti nema yfir varptímann snemmsumars.


Náttúrustofa Vestfjarða mun annst umhverfismatið í samvinnu við verkfræðistofuna Línuhönnun. Í sumar verður jafnframt unnið að gerð

frumdraga fyrir hönnun vegarins og mun Línuhönnun annast það verk.

„Að þeirri vinnu lokinni, sem væntanlega verður einhvern tíma með haustinu, má gera ráð fyrir að farið verði í vinnu við forhönnun vegarins komi ekkert óvænt upp á í tengslum við umhverfismatið og staðfestingu þess. Að forhönnun lokinni, sem gera má ráð fyrir að taki nokkra mánuði, liggur fyrir vinna við verkhönnun vegarins og verður hún væntanlega boðin út. Má gera ráð fyrir að hún taki ekki minna en eitt ár áður en huga má að útboði framkvæmda. Allt er þetta þó háð ýmsum óvissuþáttum, sem skýrast þegar nær dregur“, segir Jónas.

Við matið sjálft er að mörgum fleiri atriðum að huga og má þar nefna hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki þeirra áa sem vegur lægi yfir eða er nærri, að því er fram kemur í tilkynningu Leiðar ehf. Kanna þarf gróðurfar svæðisins og leita hugsanlegra fornminja og kanna þær. Þá verður jarðfræði svæðisins rannsökuð, m.a. jarðmyndanir og hvort þeim megi raska auk þess sem leitað verður svæða fyrir efnistöku og námavinnslu. Leitað verður samráðs og samþykkis landeigenda og annarra þeirra sem telja sig eiga hagsmuna að gæta vegna framkvæmdanna sem fyrirhugaðar eru.

– kristinn@bb.is



Kort af fyrirhugaðri leið um Arnkötludal og Gautsdal sem myndi tengja saman Strandir og Austur-Barðastrandarsýslu.

Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf.

Flytur 10 þúsund tonn af möl til Ísafjarðar

Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas átti von á fimm þúsund tonna farmi af mól til Ísafjarðar á föstudag og í næstu viku kemur annar álíka stór farmur. Mölin kemur frá Noregi og verður notuð til malbikunar á ýmsum stöðum á norðanverðum Vestfjörðum.

flokka á Ísafirði frá seinni hluta júní og fram að Verslunarmannahelgi. Ætlunin er að malbika götur og plön víðsvegar á Ísafirði og í nágrenni“, segir Björn Þórðarson, verkefnastjóri framkvæmdanna á Ísafirði.

Sett verður upp færanleg malbikunarstöð á Sundahöfn

sem Björn segir þá nýjustu sinnar gerðar. Hlaðbær Colas mun standa að malbikuninni í samstarfi við jarðvinnuverktakann Kubbs ehf. á Ísafirði.

Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas annaðist á sínum tíma lagningu malbiks í Vestfjarðagöngum og var þá síðast starfrækt malbikunarstöð á Ísafirði.

Siglingaklúbburinn Sæfari á Ísafirði

Býr í haginn fyrir upprennandi siglingagarpa

Á vegum siglingaklúbbsins Sæfara á Ísafirði standa nú yfir framkvæmdir í fjörunni í Suðurtanga þar sem verið að búa í haginn fyrir siglingaáhugamenn, m.a. fjölmörg ungmenni sem ætla að sækja námskeið klúbbsins í sumar. Örn Torfason, formaður Sæfara, segir verið að gera lítinn garð í fjörunni til að hægt sé að setja út seglbáta þegar byr er til siglinga en þess á milli verði notast við kajaka.

Þá segir Örn verið að hreinsa til í fjörunni í tanganum en hún hafi ekki státað fyrir þokka sínum síðustu ár eftir að grjóti



Grafa Kubbs ehf. að störfum í fjörunni í Neðstakaupstað.

var hlaðið þar upp til varnar ágangi sjávar hjá húsapýrpingunni í Neðstakaupstað. „Við ætlum að bæta aðstöðuna og hreinsa til svo hægt verði að njóta fjörunnar sem best bæði fyrir þá sem vilja rölta um í

fjöruborðinu og eins fyrir þá sem vilja sigla“, sagði Örn.

Hann segir framkvæmdirnar unnar fyrir reikning sæfara en með dyggum stuðningi verktakafyrirtækisins Kubbs ehf. á Ísafirði. – kristinn@bb.is

Fasteignasala
Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús/rauhús:
Seljaland 9: 139 m² glæsilegt og vandað einbýlishús ásamt 42 m² bílskúr og 15,8 m² sólstofu. Verð 16,7 m.kr.

Þvergata 5: 126 m² einbýlishús á 2 hæðum. Verð 7,8 m.kr.

4-6 herbergja íbúðir:
Mjallargata 1: 122,2 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju og 4. hæð í fjölbýlishúsi. Sér inngangur af svölum. Verð 9,5 m.kr.

Smiðjugata 7: 96,1 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 6,4 m.kr.

Stórholt 7: 116 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölb. húsi ásamt sér geymslu. Verð 8 m.kr.

Túngata 12: 99 m² íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskú og garði. Verð 7,9 m.kr.

3ja herbergja íbúðir:
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfm., mikið rými í risi) Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. Áhv. ca. 4 m.kr. Verð 5,9 m.kr.

Sundstræti 22: þriggja herb.

62,6 m² íbúð á í kjallara í fjórbýlishúsi. Verð 4 m.kr.

Aðalstræti 17: 107 m² þriggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð 7,5 m.kr.

2ja herbergja íbúðir:
Hlíf 2, Torfnesi: 50,4 m² tveggja herb. íbúð á 4.h. á Dvalarh. aldraðra. Verð 6,3 m.kr.

Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 4 m.kr.

Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4,6 m.kr.

Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíb. húsi ásamt helmingi tvöf. bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. Tilboð óskast

Atvinnuhúsnæði:
Arnagata 3: 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnarsvæði. Stórt og rúmgott smiðaverkstæði með skrifstofuaðstöðu. Tilboð óskast

Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Nýtt atvinnuhúsnæði, vel búið og í góðu standi. Verð 25 m.kr.

Suðurtangi 2: 210 m² trésmiðaverkstæði á einni hæð ásamt geymslulofli. Verð 4,5 m.kr.

Bolungarvík:
Vitastigur 8: 99,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum, allt nýuppgert. Verð 8,5 m.kr.

Vitastigur 19: 73,1 m² 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt 16 m² bílgeymslu. Tilboð óskast

Hjallastræti 38: 113,9 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 59,2 m² bílskúr. Verð 6,5 m.kr.

Stigahlið 4: 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast

Traðarstigur 7: 108,1 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 36,2 m² bílskúr og 16 m² garðskála. Tilboð óskast

Þingeyri:
Aðalstræti 23: 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum með sólstofu. Verð 4,5 m.kr.

Sumarbústaðir:
Sumarbústaður til flutnings: 46,4m² sumarhús sem hægt er að flytja, staðsettur í Mjóafirði, 3 herbergi, stofa, eldhús og svefnloft. Tilboð óskast.

Litla Holt – Tunguskógur 19: 24,8 m² nýr sumarhúsi í Tungudal ásamt innanstokksmunum. Verð 2,9 m.kr.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is



Smáauglýsingar

Huggulegt sófasett og sófaborð sem hentar vel í sumarbústað óskast keypt. Húsgögn úr furu (olíuborin) væru ákjósanleg. Uppl. í síma 864 6530.

Fimm manna fjölskylda óskar eftir húsnæði á leigu á eyrinni á Ísaflrói frá 1. júlí eða 1. ágúst eða jafnvel 1. september. Upplýsingar í síma 898 7292.

Óska eftir 3ja-4ra herb. íbúð til leigu á Ísaflrói. Skilvísun greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 862 6014.

Til sölu er Honda CRV árg. 98, sjálfskiptur, 4x4, ekinn í 32 þús. km. Nýskoðaður, dráttarbelsli, gelsladiskamagasin, filma í rúðum, spólier, ný sumar- og vetrardekk og þjónustubók. Toppbíll! Uppl. í síma 848 2398.

Óskum eftir stúlku til að sækja tvö börn á leikskóla frá kl. 17-18. Uppl. í síma 456 5280.

Óska eftir að kaupa ísskáp. Uppl. í síma 456 4381 og 867 7812.

Til sölu er 5 vetra hryssa. Uppl. í síma 894 8243.

Til sölu er Audi 100 árg. 1983. Verð um 15 þús. kr. Á sama stað óskast frýstikista, sem stærst. Uppl. í síma 848 0876.

Til sölu er barnarúm með tveimur skúffum undir. Verð kr. 6.000. Uppl. í síma 694 7376.

Til sölu er Simo kerruvagn með burðarrými, vel með farinn, Chicco barnabílstóll fyrir 3-9 kg., og Chicco stóll til að hafa á gólf. Mjög lítið notaður. Uppl. í síma 456 4208 og 894 4208.

Óska eftir að kaupa ferða barnarúm og barnastól, helst Cosy stól. Uppl. í síma 892 5860.

Bærin eykur stofnféð

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið Halldóri Halldórsyni, bæjarstjóra, að gera tillögu til ráðsins um kaup Ísafjarðarbæjar á auknu stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga. Á síðasta aðalfundi sparisjóðsins var veitt heimild til að auka stofnfé hans um 200 milljónir. Í tölvubréfi Eiríks Finns Greipssonar, aðstoðarsparisjóðs stjóra SPVF, til bæjarstjóra að ákveðið hafi verið að bjóða til sölu 100 milljónir.

Haft hefur verið samband við núverandi stofnfjáreigendur og þeim boðið að auka fé sitt í sjóðnum.

Áin við Ytra-Skarð á Snæfjallaströnd brúuð

Fyrir stuttu var Ytra-Skarðs-á á Snæfjallaströnd brúuð þegar flokkur manna undir stjórn Páls Jóhannessonar frá Bæjum kom þar fyrir göngubrú. Að sögn Ingólfs Kjartanssonar, eins þeirra sem stóð að uppsetningu brúarinnar, hefur áin verið farartálmi fyrir ferðalanga sem þar eiga leið um. Hann segir ána tvívegis hafa verið brúaða, snemma á síðustu öld af bændum á ströndinni, en tímans tönn, áin og snjórinn hafi séð um að þær stöðu ekki lengi.

Sumarið 2002 brúaði sami flokkur ána í Innra-Skarði á svipaðan hátt og var sú brú fljót að sanna gildi sitt. Árnar eru brúaðar af frumkvæði fólks af Snæfjallaströnd og segir Ingólfur að Páll Jóhannesson,



Páll Jóhannesson frá Bæjum við brúna yfir Ytra-Skarðsá. Myndir: Ingólfur Kjartansson.

25 - 60% afsl. Rómantík.is

Í tilefni komu sumarsins býður rómantík.is 25-60% afslátt af öllum vörum á vefnum. Allir sem versla fyrir 3000 kr. eða meira fá kennslumyndbandið "Nudd fyrir elskendur" nuddolíu m/bragði og nuddtæki FRÍTT með. Samtals að verðmæti 6000 kr. Gildir til 10 júní

Cyberegg Vinsælasta eggð í dag. Það er klemmilyfberfið sem gerir það mjúkt viðkomu. Það hefur flókandi flípa sem kemur hraða konu sem er í hestuhæð. Verð áður 2.495,- nú kr. 1.995,-

Power krem Vinselt krem í dag fyrir herra. Kremið gerir það að verkum að herra getur verið drauma elshugi alla nóttina. Verð áður Kr. 2.995,- nú kr. 1.995,-

DOLPHIN Húfrangur. Vinsalasta húlpantekkið fyrir þér. Húfrangurinn hefur tryggilegan þing úr jellý ebbi og er með innbyggðu mini egg. Tónu flípin övur komu á meðan veitir þingurinn herra meiri örvun. Fölþrepa hraðastilling. Verð áður 7.995,- nú kr. 4.995,-

Hægt er að ganga frá öllum pöntunum í síma 586-8500 Rómantík.is ...allt fyrir ástina

bóndi frá Bæjum, hafi borið hitann og þungann af undirbúningi og skipulagningu verkefnisins. Til þess að framkvæmdin gæti orðið að veruleika þurfti meðal annars að afla fjármagns, finna aðila til að smíða brýrnar sem eru að mestu leyti úr áli og útvega mannskap til verksins, auk ýmissa annarra þátta. Sótt var um fjármagn til verksins til ýmissa aðila og eru Vegagerðin, Ferðamálaráð og Pokasjóður aðal styrktaraðilarnir. Ekkert hefði þó verið



Brúin borin á áfangastað.

gert ef ekki hefði komið til aðstoð Björgunarfélags Ísafjarðar og fleiri aðila.

Ingólfur segir að komið hafi verið að Ytra-Skarði um kl. 10 að morgni og strax hafi verið hafist handa við að ferja mannskap, búnað og vistir í land. Skömmu síðar komu feðgarnir úr Æðey, þeir Jónas og Alexíus, á staðinn en þeir höfðu kvöldið áður sótt staura í Bæi sem nota átti í undirstöður fyrir brúna. Aðal óvissupáttur verksins var hvort tækist að koma brúnni úr björgunarbátum og í land. Það gekk snurðulaust fyrir sig en til þess verks voru notaðir tveir slöngubátar.

Nokkur kvika var við ströndina en með lagni og varúð tókst að koma brúnni í land. Búið var að ákveða brúarstæði ofan við vaðið á ánni þar sem árfarvegurinn þrengist nokkuð. Grafa þurfti fyrir undirstöðunum beggja vegna og einnig var grafið fyrir 4 stögum. Segja má að verkið hafi gengið eins og í sögu, en búið var koma öllum búnaði og fólki aftur í bátinn klukkan 16:00. Þegar mikið er unnið sækir svengd að mönnum og úr því bætti Anna í Bæjum sem hitaði vatn á þrímus og var búin að útbúa samlokufjall fyrir mannskapinn.

Ingólfur telur að nú ætti því ekki að vefjast fyrir göngugörpum að ganga Snæfjallaströndina þurrum fótum alla leið í Grunnavík. Stöðugt er verið að auðvelda fólki að ganga leiðina og væntanlega verður komið fyrir útisalerni á Sandeyri fljótlega auk þess sem rætt hefur verið um að brúa ár á Höfðaströnd í náinni framtíð. – hj@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Friðsælt sumar?

Alþingi hefur verið frestað. Mörgum er létt. Lokið er stuttum kafla átaka á þingi og jafnframt utan Alþingishússins. Forseti lýðveldisins hefur verið að leggja áherslu á stöðu sína gagnvart löggjafarvaldinu og sýnist sitt hverjum um þessa nýbreytni. Af þessu tilefni er rétt að rifja upp vegna umræðna um meirihluta og minnihluta að baki alþingismanna, einstakra stjórnmalamanna og ríkisstjórninni, að niðurstöður kosninga eru þær sem gilda hvort sem okkur, einstaklingum út í bæ, líkar betur eða verr. Núsitjandi forseti lýðveldisins hlaut 68.370 atkvæði í kosningunum 1996, 40,9%, en þáttakan var 85.9% þeirra eru voru á kjörskrá. Hann hlaut kjör með minnihluta atkvæða, en þjóðin hefur eins og ævinlega sýnt í verki að hún sættir sig við niðurstöður kosninga, þótt ekki ráði meirihlutinn alltaf þegar kemur að forsetanum.

Reyndar velta margir því fyrir sér hvort átökunum utan húss sé lokið. Kosið verður að nýju til forseta 26. júní, eftir þrjár og hálfa viku. Auk forseta lýðveldisins, sem leitar nú endurkjörs í annað sinn, eru tveir í framboði, annar vanur slíku framboði, en hinn nýr á vellinum. Fróðlegt verður að sjá hver þáttaka verður í kosningunum og hvernig mál æxlast. Flestir gera ráð fyrir að sitjandi forseti nái kjöri. Hinu er þó ekki að leynd að mörgum þykir hann hafa komið að laga-setningu á Alþingi með djörfum og umdeildum hætti, enda deila lögspekingar þjóðarinnar fram og aftur um aðkomu hans, en einkum hvert sé raunverulegt inntak valds forseta. Sýnist þar sitt hverjum. Því verður ekki neitað að yfirlýsing

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í Bæjarins besta í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum Stakks á meðan hann notar dulnefni sitt.



Glæsilegt útskriftarhóf hjá Menntaskólanum á Ísafirði

Menntaskólinn á Ísafirði hélt glæsilegt útskriftarhóf í íþróttahúsinu á Torfnesi á laugardagskvöld. Útskriftarnemar og aðstandendur þeirra, kennarar, starfsfólk og afmælisárgangar mættu til veglegs kvöldverðarhlaðborðs. Ólína Þorvaddóttir, skólameistari, leiddi dagskrána. Nýstúdentarnir Thelma Kristinsdóttir, Svanhildur Garðarsdóttir og Ingvar Alfredsson fluttu brag um skólagönguna í MÍ við góðar undir viðstaddra, sungið var undir borðum og afmælisárgangar reiddu fram skemmtiatriði. Þá var dansaður vikivaki við flutning Ólínu á Ólafi Liljurós og að dagskrá tæmdri tók kántrýhljómsveitin Unaðsdalur við og lék fyrir dansi fram á nótt.

Útskriftarhóf af þessu tagi hafa tíðkast allar götur síðan fyrst var útskrifað frá MÍ árið 1974. Fram kom í ávarpi Einars Jónatanssonar, sem útskrifaðist með fyrsta hópnum fyrir 30 árum, að fyrsta hófið hefði verið haldið í Góðtemplarahúsinu á Ísafirði þar sem nú er prentsalur H-prents. Þá var það haldið að frumkvæði aðstandenda útskriftarnema en seinni ár hefur skólinn séð um skipulagninguna. Óhætt er að segja að hófinu hafi vaxið fiskur um hrygg og aldrei verið fjölmennara. Í fyrsta sinn nú var það haldið í íþróttahúsinu en lengi vel var notast við mötuneytið á heimavist skólans. Meðfylgjandi myndir tók Birgir Þór Halldórsson. Fleiri myndir munu birtast í svipmyndum á bb.is í vikunni.

– kristinn@bb.is



Kjartan og Hreinn sæmdir gullmerki Ernis

Kjartan Sigurjónsson og Hreinn Þórir Jónsson voru sæmdir gullmerki Karla­kórsins Ernis á norðanverðum Vestfjörðum, á vör­­tónleikum kórsins í Hömrum á Ísafirði á föstudagskvöld. Kjartan var kórstjóri Karla­kórs Ísafjarðar frá árinu 1980 og gegndi því starfi þegar kórinn sameinaðist Karla­kórnum Ægi í Bolungarvík og varð að Karla­kórnum Erni árið 1983. Óli M. Lúðvíksson tók við gull­merkinu fyrir hönd Kjartans. Hreinn gekk til liðs við Karla­kór Ísafjarðar árið 1953 og starfaði með honum óslitið þar til Karla­kór Ísafjarðar og Karla­kórinn Ægir í Bolungarvík voru sameinaðir. Fjölmargir hafa liðsinnt kórnum í vetur og var þeim afhentur þakklætisvottur á tónleikumunum. Þannig fær Tónlistarskóli Ísafjarðar þakkir fyrir afnot kórsins af skólanum, Hraðfrystihúsið Gunnvör fyrir hjálp þeirra við vinnslu á fiski sem fjármagnaði ferð kórsins til Færeyja, Unn í Bø sem kenndi kórfélögum að fara með rétt mál í færey­sku lögunum og frímúrarastúkan á Ísafirði fyrir afnot af aðstöðu þeirra. Þá vildi kórinn þakka þeim fjölmörgu ónefndu sem styrktu þá við reksturinn í ár. – thelma@bb.is



Steingrímur Þorgeirsson afhendir Hreini Þóri Jónssyni viðurkenningu fyrir störf sín og Óli M. Lúðvíksson tekur við gullmerkinu fyrir hönd Kjartans Sigurjónssonar.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Hæg norðlæg eða breytileg átt. Skýjað en úrkomulítið norðanlands, annars skýjað með köflum. Hiti 8-15 stig, hlýjast sunnanlands.

Horfur á laugardag: Austan 8-13 m/s og rigning sunnanlands, en annars hægari og úrkomulítið. Hiti 7-12 stig.

Horfur á sunnudag og mánudag: Norðaustlæg átt með rigningu norðan- og einkum austanlands, en annars skýjað með köflum.

Horfur á þriðjudag: Austlægar áttir og þurrt.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja: Messa á sjómannadag kl. 11:00. Kór sjómanna syngur. Sóknarprestur.

Hnífsdalskapella: Messa á sjómannadag kl. 10:00. Kór sjómanna syngur. Gengið verður að minnismerki sjómannsisn í Hnífsdalskirkjugarði.

Spurningin

Á Forseti Íslands að staðfesta nýju fjölmiðlalögin?

Alls svöruðu 721. Já sögðu 243 eða 34% Nei sögðu 434 eða 60% Alveg sama sögðu 44 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Grafík fagnar tuttugu ára afmæli „Get ég tekið séns“

Hljómplatan „Get ég tekið séns“ með ísfirsku hljómsveitinni Grafík fagnar tuttugu ára afmæli á árinu og hyggst Hljómsveitin efna til tónleika í Alþýðuhúsinu á Ísafirði af því tilefni. „Get ég tekið séns“ var þriðja plata Grafík­ur og sú fyrsta með söngvaranum Helga Björns innanborðs. Hún var mjög vinsæl, jafnt meðal tónlistarspekúlanta og almennings, og telst til merkilegri verka sem hafa verið þrykk­­t á plast í íslensku poppsögunni. „Þetta er búið að standa til lengi, ég Rabbí og Helgi höfum lengi talað um að fagna afmæli plötunnar fyrir vestan“, segir Rúnar Þórisson, gítarleikari Grafík­ur, aðspurður um tilurð tónleikanna. „Við höfum mikið verið að semja saman og byrjuðum að taka upp grunna snemma á þessu ári. Þannig er aldrei að vita nema það verði frumflutt ný lög frá Grafík á tónleikumunum“, segir Rúnar. Hann segir plötuna hafa verið vissan vendipunktur á ferli Hljómsveitarinnar, sem hafi fengið meiri athygli í kjölfarið og orðið vinsælla band. Árið 1984 var hún valin plata ársins af gagnrýnendum en auk þess nutu mörg lög á plötunni mikilla vinsælda og teljast



Grafík spilar á Ísafirði fyrir um 15 árum eða svo.

orðið til sigildra dægurlaga, m.a. Húsið og ég, Þú sund sinnum segðu já og Sextán. Liðsmenn Grafík­ur stefna á að halda tónleikana 10. júlí en Rúnar segir dagsetninguna ekki endanlega frágengna. Á afmælistónleikumunum leika auk Rúnars, Jakob Magnússon, sem lengi var bassaleikari í sveitinni, Hjörtur Hauser, Hljóm­borðsleikari, Egill Rafnsson, sonur trymbilsins Rafns Jónssonar, mun sjá um trommusláttinn og síðast en ekki síst mun Helgi Björnsson syngja. Eins og kunnugt er hefur Rafn Jónsson glímt við

illvigan sjúkdóm um árabíl en hann stefnir ótrauður á að fylgja gömlu félög­unum í Grafík á heimaslóðir og fylgjast með tónleikumunum. Á meðfylgjandi mynd má sjá Grafík leika í einum af skemmtistöðunum sem voru í verslunarmiðstöðinni Ljóninu á Skeiði á níunda áratugnum. Hér hefur uppstillingin breyst nokkuð og er Andrea Gylfadóttir komin til liðs við Hljómsveitina í stað Helga Björns. Þannig er myndin tekin nokkrum árum eftir að „Get ég tekið séns“ kom út. – kristinn@bb.is

Atvinnutækifæri

Viltu starfa sjálfstætt? Eða ertu með rekstur og vilt bæta við þig?

Til sölu eru hellusteypumót og nýleg steypuhrærivél. Um er að ræða 200 mót, 5-6 mismunandi gerðir með mynstur áferð. Smart til að helluleggja með innkeyrslur, verandir eða stíga og stéttar við hús og í gördum. Hægt að steypa í ýmsum litum.

Laghentir geta nýtt sér hugmyndina að hellumótunum og smíðað sér mót fyrir blóma­ker í sama stíl.

Upplýsingar í síma 864 3580.

> Stöð2: 5. júní kl. 20:10

Heiðursmaðurinn Jason Lee

Jason Lee (mynd) og Tom Green eru meðal leikenda í glæpsamlegu gamanmyndinni Stealing Harward. Hún segir frá John Plummer, millistéttarmanni sem sér loksins fram á að eiga þak yfir höfuðið. Á sama tíma fær hann þær fréttir að frænka hans hafi fengið inngöngu í háskóla. John hafði einhverju sinni lofað að borga fyrir skólagjöldin og nú kemur að því að efna loforðið.



> Sýn: 5. júní kl. 13:45

England gegn Íslandi

England og Ísland mætast í beinni útsendingu í dag og lýkur þar með Manchester-mótinu svokallaða. Íslenskir knattspyrnuáhugamenn hafa beðið leiksins með óþreyju enda um sögulega viðburð að ræða. Enskir fótþakappar eiga marga aðdáendur hérlandis og það verður forvitnilegt að sjá strákana okkar kljást við David Beckham og félagi.



> Stöð2: 6. júní kl. 20:10

Donald Trump og lærlingarnir

Lærlingur Trumps er raunveruleikasjónvarpsþáttur eins og þeir gerast bestir. Hér kemur hópur fólks saman úr ýmsum áttum, bæði menntamenn og ófaglærðir og keppa um draumastarfið hjá milljarðamæringnum Donald Trump. Þátttakendum er falið krefjandi verkefni sem lúta að heimi viðskiptanna og er vettvangur atburðanna, sjálf New York borg.



Fermingarbörn ársins 1954

Fermingarbörn sem fermdust á Ísafirði vorið 1954 komu saman á Ísafirði og rifjuðu upp gamla tíma í góða veðrinu um síðustu helgi. Dagskráin var þéttskipuð og hófst á föstudagskvöld þegar hópurinn hittist á Silfurtorgi og hélt þaðan til kvöldverðar í Tjöruhúsið í Neðstakaupstað. Á sama tíma héldu makar þeirra í óvissuferð og seinna um kvöldið sameinuðust svo hóparnir. Á laugardag var gengið um Eyrina. Ýmis hús voru skoðuð auk þess sem leiði horfinna félaga var vitjað. Deginum lauk síðan með kvöldverði og dansleik á Hótel Ísafirði þar sem Baldur og Margrét. Á sunnudag var haldið í siglingu í Vigur þar sem eyjan græna var skoðuð auk þess sem hópurinn naut kaffiveitinga.



Hópurinn skemmti sér hið besta enda veðrið ekki amalegt. Árgangurinn hefur ávallt staðið vel saman og hefur margt verið brallað í gegnum árin. Glatt var á hjalla hjá fermingarbörnum ársins 1954 á Ísafirði. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

BÍ-menn sigruðu

Knattspyrnumenn í 3. deildar liði BÍ unnu góðan sigur á liði Ægis í Þorlákshöfn á laugardag með þremur mörkum gegn engu. Pétur Georg Markan skoraði tvö markanna og Haukur Benediktsson eitt. Lið UMFB hélt einnig suður til keppni og lék við ÍH í Hafnarfirði. Leiknum lauk með jafntefli. Hvort lið skoraði eitt mark og skoraði Pétur Geir Svavarsson mark Bolvíkinga. Lið BÍ er nú í fjórða sæti B-riðils 3. deildar með þrjú stig að loknum tveimur leikjum og lið UMFB er í sjötta og næst neðsta sæti riðilsins með aðeins eitt stig.

Sjómanni bjargað

Sjómanni var bjargað heilum á húfi úr gúmmíbjörgunarbát á reki um 22 sjómílar norðvestur af Látrabjargi á níunda tímanum í gærmorgun eftir að bátur hans, Hrönn BA sem er sex tonna trilla, hafði sokkið. Á sjöunda tímanum í gærmorgun urðu vaktmenn Tilkynningarskyldunnar varir við að trillan datt út úr sjálfvirka tilkynningar-skyldukerfinu þar sem hún var stödd norðvestur af Látrabjargi. Fljótlega fóru að berast neyðarsendingar frá svæðinu í gegnum gervi-hnött. Nærleggjandi bátum var gert viðvart og sigldu tveir bátar þegar í stað í áttina að staðnum þaðan sem neyðarkallið var talið berast.

„Harpa hafsins“ afhjúpuð

Listaverkið „Harpa hafsins“ verður afhjúpuð við hátíðlega athöfn á Ísafirði á kvenréttindadaginn 19.júní. Listaverkinu er ætlaður staður milli Vallartúns og íþróttavallanna á Torfnesi og er reist í tilefni 100 ára afmælis vélvæðingar bátaútgerðar á Íslandi. Sögufélag Ísfirðinga hafði forgöngu um uppsetningu verksins í samráði við ýmsa aðila. Verkið er eftir listamanninn Svanhildi Sigurðardóttur. Við athöfnina mun Þorsteinn Pálsson, sendiherra og fyrrverandi forsætisráðherra, flytja ávarp en hann er afkomandi Árna Gíslasonar sem var annar eigandi Stanleys, bátsins sem fyrsta vélin var sett í árið 1902. Að sögn Jóns Páls Halldórssonar, formanns Sögufélags Ísfirðinga, stendur yfir undirbúningur vegna afhjúpunar listaverksins og mun dagskrá verða kynnt síðar.



Prentsmiðja til sölu!

Tunnan prentþjónusta á Siglufirði er til sölu. Tilvalið tækifæri fyrir einstakling sem vill vinna sjálfstætt. Góð verkefnastaða. GTO-52 prentvél. Eigin húsnæði.

Allar nánari upplýsingar í síma 467 1288.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu. Sjá einnig www.snerpa.is/fasteignir

SÆLKERI VIKUNNAR

ER SÓLEY SÆVARSDÓTTIR Í BOLUNGARVÍK

Kjúklingur með spínati og fetaosti

Sælkeri vikunnar að þessu sinni býður upp á kjúklingarétt sem hlýtur að eiga vel við í sumar þegar fólk vill helst ekki eyða of löngum tíma innandyrna en samt fá sér eitthvað ljúffengt í svanginn. Sóley segir uppskriftina ætlaða fyrir 6 manns enda sé gert ráð fyrir einni kjúklingabringu á mann. Þá segir hún mjög gott að bera réttinn fram með hrísgrjónum.

6 kjúklingabringur
kjúklingakrydd frá Pottagöldrum
Dijon sinnep
1 poki ferskt spínat
1 krukka fetaostur
2 msk grænt pesto

Kryddið bringurnar, setjið í eldfast mót og steikið í ofni við 180°C í u.þ.b. 30 mínútur eða þar til þær eru fullleiddar. Takið þær úr ofninum



og smyrjið með Dijon sinnepi. Blandið spínati, fetaosti og pesto saman í skál og setjið yfir kjúklingabringurnar. Bak-ið í ofni í 5-10 mínútur.

Jarðaberja ábætir

500 g jarðaberjaskyr
4 blöð matarlím
1 msk sykur
1 tsk. sítrónusafi
¼ l rjómi
½ dós jarðaber

Leggið matarlímið í bleyti í kalt vatn. Þeytið rjómann og hrærið skyrið með sykri og

sítrónusafa. Hellið vatninu af matarlíminu og bræðið í vatnsbaði, kælið með ½ dl af jarðarberjasafa. Blandið matarlíminu saman við skyrræruna ásamt rjómanum. Látið jarðarberin á botninn í skál og hellið búiðingnum yfir. Látið stífna í kæli í 6-8 klst.

Ég vil skora á frænku mína, Halldóru Dagnýju Sveinbjörnsdóttur, heimilisfræðikennara í Bolungarvík, að vera næsti matgæðingur.

Spessi sýnir hversdagsleika Ísafjarðar

Ljósmyndarinn Spessi opnar sýningu í Safnahúsinu á Ísafirði á laugardag. Þar mun hann beina athygli að ísfirsku umhverfi og sýna tilviljanakenndar myndir af fólki á ferli í miðbæ Ísafjarðar. Þá hefur hann beint eftirlitsmyndavél að Silfurtorgi og verður boðið upp á beina útsendingu í gegnum netið á meðan sýningu stendur. Sýningin er önnur í röð Listasafns Ísafjarðar á verk-



um ísfirskra listamanna. Guðbjörg Lind Jónsdóttir reið á vaðið í vor og nú tekur Spessi við en Sara Vilbergsdóttir sýnir í ágúst.

Spessi er fæddur og upp-

alinn á Ísafirði og lærði ljósmyndun í AKI (Akademie voor beeldende kunst) í Hollandi og hefur sýnt verk sín m.a á Íslandi, Finnlandi, Svíþjóð og í Bandaríkjunum en stór hluti af því hve verk hans ná til margra er einlæg túlkun á hversdagsleikanum, eins og segir í sýningarskrá. Sýningin opnar kl. 16 á laugardag og verður uppi til 1. ágúst.


– thelma@bb.is

> RÚV: 5. júní kl. 22:30

Á blápræði

Stríðsmyndin Á blápræði segir frá bandarískum hermönnum sem eiga að hindra framrás Japana á eyinni Guadalcanal í Suður Kyrrahafi árið 1943. Flokkur ungra hermanna er sendur til að leysa af bardagabjáða landgönguliða. Ógnir stríðsins reyna mjög á ungu mennina en styrkja um leið vináttubönd þeirra. Meðal leikenda: Sean Penn, George Clooney.





Íslandsbanki fagnar 100 ára fjármála- og bankastarfsemi

Sögusýning opnuð í útibúi bankans á Ísafirði

Í ár er þess minnst hjá Íslandsbanka hf. að 100 ár eru liðin frá því forveri bankans, Íslandsbanki hinn fyrri, tók til starfa 7. júní árið 1904. Í tilefni tímamótanna verður opnuð sögusýning í öllum 28 útibúum bankans víðs vegar um land þann 7. júní nk. þar sem gerð er grein þessari aldarlöngu sögu í máli og myndum, bæði almennt sem og því sem snertir sérstaklega hvert útibú. Ísfirðingar geta kynnt sér sögu Íslandsbanka þegar Halldór Halldórsson bæjarstjóri opnar sýninguna í afgreiðslu bank-

ans í Hafnarstræti nk. mánudag, 7. júní, kl. 10 fyrir hádegi. Allir eru velkomnir á opnunarhátíðina þar sem listamenn munu einnig bregða á leik. Sögusýningin er unnin í samvinnu við Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðing sem hefur umsjón með sögudagskránni. Hún stendur frá 7. júní til 9. júlí og er opin á opnunartíma útibúsins. Síðar á árinu kemur út sögurit Íslandsbanka og einnig er unnið að gerð heimildamyndar um bankann. Íslandsbanki gamli hóf

starfsemi 7. júní 1904 aðeins 4 mánuðum eftir að Ísland fékk heimastjórn frá Dönum. Tilgangur með stofnun bankans var að efla og greiða fyrir framförum í atvinnuvegum Íslandinga, ekki síst sjávarútvegi og verslun, og bæta bágborið peningakerfi þjóðarinnar. Bankinn, sem var fyrsti hlutafélagabankinn á Íslandi, var í eigu danskra og norskra fjármálastofnana sem með erlendu áhættufjármagni ollu straumhvörfum í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar. Höfuðstöðvar gamla Ís-

landsbanka voru í Reykjavík en hinn 1. september 1904 voru opnuð á vegum bankans þrjú útibú, á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði. Starfræksla útibúanna var ein forsenda þess að Íslandsbanki fékk starfsleyfi því þung áhersla var á það lögð að hann þjónaði ekki Reykvikingum einum heldur gagnaðist sem flestum. Útibú Íslandsbanka á Ísafirði á sér aldarlanga sögu því árið 1930 yfirtók Útvegsbanki Íslands hf. eignir og skuldir gamla Íslandsbanka, þar á meðal útibúið á Ísafirði.



Frá Fegurðarsamkeppni Vestfjarða. Margrét Magnúsdóttir var valin fegurðardrottning Vestfjarða 2004, Ólafía Kristjánsdóttir hafnaði í öðru sæti og Anna Birta Tryggvadóttir í því þriðja. Stúlkurnar þrjár voru fulltrúar Vestfirðinga í keppninni um „Ungfrú Ísland“.

Frábær árangur hjá vestfirsku fegurðardísunum

Anna Birta Tryggvadóttir og Margrét Magnúsdóttir, fegurðardrottning Vestfjarða, lentu í fjórða og fimmta sæti í keppninni um titilinn „Ungfrú Ísland“ sem haldin var á Broadway á laugardagskvöld. Anna Birta var einnig valin vinsælasta stúlkun en keppendurnir sjálfir kjósa stúlkuna sem ber þann titil. Óhætt er að segja að keppnin hafi sjaldan verið eins spennandi fyrir Vestfirðinga sem sendu þrjá fulltrúa til leiks. Höfðu þeir aldrei verið fleiri en auk Önnu Birtu og Margrétar fór Ólafía Kristjánsdóttir til

keppni. Vestfirsku stúlkurnar voru afar glæsilegar og þóttu standa sig með stakri þrýði. Anna Birta og Margrét voru valdar í fimm manna úrslitahóp og hefur hjartað vafalítið slegið hraðar hjá þeim Vestfirðingum sem fylgdust með áður en úrslit voru tilkynnt. Hugrún Harðardóttir frá Selfossi hreppti titilinn „Ungfrú Ísland“ en hún var einnig valin ljósmyndafyrirsæta ársins. Í öðru sæti var Sigrún Bend-er frá Hafnfirði og í því þriðja var Halldóra Rut Bjarnadóttir frá Hveragerði. – thelma@bb.is



Hafdís Sunna Hermannsdóttir, dux scholae ásamt móður sinni, Sólveigu Sigurjónu Gísladóttur. Mynd: Birgir Þór Halldórsson.

Hafdís Sunna Hermannsdóttir

Dux scholae í MÍ

Hafdís Sunna Hermannsdóttir er dux scholae í MÍ í ár með einkunnina 9,17. Hún var meðal þeirra 50 nemenda sem brautskráðust á laugardag en þar af voru 33 stúdentar. Eins og oft er með úrvalsnemendur hefur Sunna haft ýmis önnur járn í eldinum jafnframt náminu. Þannig hefur hún gegnt starfi formanns nemendafélags MÍ síðustu tvo vetur og mun fá-heyrt að formenn sitji tvö tímabil í röð. Við skólaslitin í Ísafjarðarkirkju lék hún einleik á píanó en hún hefur verið við píanónám í Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar, og lauk þaðan 6. stigi síðasta vor.

Fyrir ættfræðipyrsta má geta þess að Sunna er dóttir Sólveigar Sigurjónu Gísladóttur og Hermanns, heitins, Skúlasonar, skipstjóra og síðar hafnarstjóra á Ísafirði. Þá má geta þess að í útskriftarhófi skólans um kvöldið var Sólveigu afhent sérstök „frjósemsverðlaun“ sem veitt eru því foreldri útskriftarnema það árið sem á flesta útskrifaða nemendur við skólann að baki. Sunna er fjórða af börnum Sólveigar sem útskrifast frá skólanum en tvö eldri börn hennar hafa verið útskrifuð sem stúdentar og eitt sem húsa-smiður.

– hj@bb.is

Könnun Umferðarstofu, Landsbjargar og Árverkni

Ísfirðingar huga vel að öryggi barnanna

Einungis 3,3% barna í bílum á Ísafirði nota engan öryggis-

búnað, 3,35% notuðu bílbelti eingöngu og 93,3% notuðu

sérstakan öryggisbúnað fyrir börn. Ísfirðingum hefur farið mikið fram en árið 1999 notuðu 19,2% barna engan öryggisbúnað í bílum, 15,4% notuðu bílbelti eingöngu og 65,4% notuðu sérstakan öryggisbúnað. Þetta kemur fram í könnun sem Umferðarstofa, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Árverkni stóðu að og var framkvæmd við leikskóla víða um land.

Notkun barna á öryggisbúnaði í bílum hefur batnað á landinu öllu frá því árið 1999. Notkun öryggisbúnaðar er töluvert meiri á Ísafirði en á landsvísi. Að meðaltali á landinu öllu notuðu 4,5% barna engan öryggisbúnað, 12% notuðu bílbelti eingöngu og 83,5% notuðu sérstakan öryggisbúnað fyrir börn.

– kristinn@bb.is

Ný númer

Húasmiðjan Ísafirði hefur tekið í notkun ný númer.

Aðalnúmer	450 3300
Timbursala	450 3302
Fax verslun	450 3301
Fax timbursölu	450 3303



HÚASMIÐJAN
Sími 450 3300 • www.husa.is